

# KLIFUR

MÁLGAGN SJÁLFSBJARGAR LSF ♦ 1. TBL. 2009 ♦ 20. ÁRGANGUR



**SJÁLFSBJÖRG 50 ÁRA - 1959-2009**





# E F N I S Y F I R L I T

<b>Afmæliskveðja frá Reykjavíkurborg</b>	<b>5</b>	<b>„Enginn sagði: Þetta er ekki hægt“</b>	<b>23</b>
<b>Fréttir</b>	<b>6</b>	<i>– viðtal við Ólöfu Ríkarðsdóttur fyrrverandi stjórnarmann og félagsmálafulltrúa Sjálfsbjargar</i>	
<i>Söguvefur Sjálfsbjargar</i>		<b>Samvinnuverkefni um ferðaþjónustu fatlaðra í höfuðborgum Norðurlandanna</b>	<b>27</b>
<b>Einn stærsti söguvefur á Íslandi</b>	<b>7</b>	<b>Kínaferð Hildar Jónsdóttur</b>	<b>28</b>
<b>Afmælisveisla í sól og sumaryl</b>	<b>9</b>	<i>Spennandi og skemmtileg upplifun í ólíku menningarumhverfi</i>	
<b>Fréttir</b>	<b>13</b>	<i>Vinnuhópur um stofnun miðstöðvar fyrir notendastýrða persónulega aðstoð</i>	
<i>Andri Valgarðsson, málefnafulltrúi Sjálfsbjargar:</i>		<b>Fatlað fólk geti þróað líf sitt og lifað því í samræmi við eigin óskir</b>	<b>33</b>
<b>Vinnan og áhugamálin tengjast</b>	<b>14</b>	<b>Fatlaðir og kreppan</b>	<b>34</b>
<b>Staldræð við í sögu Sjálfsbjargar</b>	<b>16</b>	<b>Fimm Sjálfsbjargarfélög áttu fimmtíu ára afmæli í fyrra</b>	<b>35</b>
<b>Alltaf beita upp í vindinn, eygja, klífa hæsta tindinn</b>	<b>20</b>	<b>Krossgátan</b>	<b>39</b>
<i>– Í tilefni af tilvist Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, í 50 ár</i>			



Ef þú lendir í umferðaróhappi á höfuðborgarsvæðinu fáðu þá fagfólk þér til aðstoðar. Við aukum öryggi þitt og spörum þér tíma og fyrirhöfn.

Aðstoð & Öryggi er sérhæft einkafyrirtæki þar sem eingöngu starfa fyrrverandi lögreglumenn. A&Ö er í miklu samstarfi við tryggingafélögin, **112** og lögregluna á höfuðborgarsvæðinu.

Hringdu í **112** og við komum fljótt til þín.

**AÐSTOÐ & ÖRYGGI**  
S.578-9090 – WWW.AREKSTUR.IS





Forsíðumyndin er tekin í upphafi vel heppnaðrar afmælishátíðar vegna 50 ára afmælis Sjálfsbjargar, landsambands fatlaðra. Hátíðin hófst með ávörpum sem voru flutt á svölum lágbyggingar Sjálfsbjargarhússins. Fleiri myndir frá afmælishátíðinni eru inni í blaðinu. Ljósmynd: Vilhjálmur Kjartansson.

*Pálína Snorradóttir Hveragerði:*

## Kemst amma í heimsókn til þín?

Á komandi hausti er hálf öld liðin frá því að ég gerðist félagi í Sjálfsbjörg á Ísafirði, sem hafði þá starfað í eitt ár. Þar logaði allt af starfsgleði og baráttuhug. Fyrsta verkefnið var að koma á fót vinnustofu fyrir fólk með skerta starfsgetu, sem ekki fékk vinnu á almennum vinnumarkaði. Félagsstarfið var öflugt; fönðurkvöld, skemmtifundir, bingókvöld og ferðalög. Þarna spratt upp fólk sem hafði ekki áður haft tækifæri til þátttöku í neinu félagsstarfi. Orðið félagsþreyta var þá óþekkt. Sigursveinn D. Kristinsson, frumkvöðullinn að stofnun Sjálfsbjargar, sagði í ávarpi sem hann ritaði í fyrsta Sjálfsbjargarblaðið haustið 1959: „Eitt af mikilvægum áhugamálum samtakanna er að vekja skilning samborgaranna á þeirri staðreynd, að það mun alltaf verða metnaðarmál okkar sem einstaklinga að sanna með störfum okkar, að við séum ekki lakari þjóðfélagsþegnar en annað fólk“. Þannig hófst baráttan fyrir fimmtíu árum.


Þarna kynntist ég ódrepanði áhuga fatlaðs fólks til að bæta samfélagið og gera það byggilegt öllum þjóðfélagsþegnum. Allir ættu kost á menntun, atvinnu, að ferðast, skemmta sér – njóta alls þess sem lífið hefur upp á að bjóða. Þá poppaði nefnilega upp sú staðreynd að þjóðfélagið var alls ekki aðgengilegt öllum. Ýmsar hindranir voru í veginum; þröskuldar, stigar, of þröngar dyr, gangstéttabrúnir, brekkur og börð. Þetta þurfti að laga. Að því hefur verið unnið í fimm áratugi og margt horfir til betri vegar. Margt er þó ennþá óunnið. Lykillinn að þjóðfélaginu kristallast nefnilega í einu orði: AÐGENGI.

Góðir Íslendingar. Takið þátt í að gera Ísland aðgengilegt öllum – ekki bara sumum. Þá þurfið þið ekki að segja eins og hóteltýran sem ég ræddi við aðgengismál fyrir skömmu; „Við fórum ekki að hugsa um aðgengi fyrr en amma þurfti að fara í hjólastól“. Kynntu þér málin núna – ekki seinna.

Sjálfsbjargarfélagar um land allt. Til hamingju með 50 árin. Munið hvatningarorð Ríkarðs Jónssonar til okkar:

„Alltaf beita upp í vindinn  
eygja, klífa hæsta tindinn“.

# Óskum Sjálfsbjörg til hamingju með 50 ára afmælið



# Afmæliskveðja frá Reykjavíkurborg



Ég óska Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra, hjartanlega til hamingju með fimmtíu ára afmælið.

Við stofnun Sjálfsbjargar lsf voru fatlaðir einstaklingar lítt áberandi og höfðu takmörkuð tækifæri til að blómstra í samfélaginu. Með stofnun landssamtakanna varð til öflugt tæki í réttindabaráttu þeirra – ekki aðeins í Reykjavík heldur um allt land. Engum vafa er undirorpið að Sjálfsbjörg lsf hefur náð gríðarlegum árangri í hálftrar aldar baráttu sinni fyrir réttindum fatlaðra.

Reykjavíkurborg lítur svo á að þátttaka, ráðleggingar og aðhald hagsmunaaðila og samtaka eins og Sjálfsbjargar við uppbyggingu og framkvæmd þjónustu sé ekki aðeins mikilvæg heldur nauðsynleg – einkum á sviði velferðarþjónustu. Framundan eru mikilvæg tímamót þegar borgin tekur við allri þjónustu við fatlaða úr höndum ríkisins. Ég fullvissa ykkur um að allt verður gert til að stuðla að því að sá flutningur gangi vel og hafi í för með sér enn betri þjónustu.

Reykjavíkurborg deilir með Sjálfsbjörg því grundvallarviðhorfi og sýn að áfram verði unnið markvisst að því að allir fái tækifæri til að lifa sjálfstæðu lífi, hvort sem þeir eru fatlaðir eða ófatlaðir. Við höfum unnið markvisst að því að gera fötludu fólki mögulegt að ná betri fótfestu í samfélaginu, eiga val og tækifæri til að blómstra á eigin forsendum.

Við treystum því að borgin muni áfram njóta þess góða samstarfs sem hún hefur átt við Sjálfsbjörg lsf í gegnum árin, einkum nú þegar svo mikilvægt er að tryggja að allir geti búið við sem best lífsgæði.

Ég þakka Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra, samstarfið á liðnum árum. Megi landssambandinu vegna vel um alla framtíð.

Hanna Birna Kristjánsdóttir,  
borgarstjóri.



## Ályktun um bílastæði fatlaðra

Umferðarráð hefur beint þeim tilmælum til sveitarfélaga og umferðaryfirvalda að bæta merkingar og aðgengi á bílastæðum fatlaðra. Fatlaðir eiga sama rétt til aðgengis og annað fólk og því er mikilvægt að þessi mál séu í sem bestu lagi. Miða þarf stærð og umhverfi stæðanna við að þau nýtist auðveldlega öllum fötluðum. Bæði þurfa yfirborðmerkingar og skilti að vera sýnileg, þannig að enginn vafi leiki á að um slíkt stæði sé að ræða. Umferðarráð skorar á ökumenn, sem ekki hafa rétt til að nýta sér stæði fatlaðra, að virða rétt þeirra sem eru háðir þeim. Til að fækka slíkum stöðvunarbrotum þarf að mati Umferðarráðs að endurskoða upphæð gjalds vegna slíkra brota hið fyrsta.

## Afsláttarsamningur framlengdur

Sjálfsbjörg hefur nú framlengt og talsvert bætt samning um ódýrara bensín fyrir félagsmenn hjá Olís. Kjörin hafa þegar tekið gildi á eldri kort. Afsláttur félagsmanna Sjálfsbjargar er þessi: 6 kr. í afslátt af hverjum lítra frá listaverði á fullri þjónustu 4 kr. í afslátt af hverjum lítra frá listaverði á sjálfsafgreiðsluþjónustu 10% afslátt af öllum vörum nema tóbaki, símkortum, getraunum og tímaritum.



Gildir þessi afsláttur einnig við verslanir Ellingsen en þó ekki af ferðavögnum né tilboðsvörum.

Vildarsjóður Sjálfsbjargar fær svo 0,5% af andvirði viðskipta félagsmanna Sjálfsbjargar í gegnum kortið. Taka skal þó fram að ef félagsmaður greiðir með VISA-Icelandair korti þá þiggur hann vildarpunkta sjálfkrafa frá Olís og renna þá ekki styrktarpunktar til Sjálfsbjargar.

## Bifreiðastyrkir til hreyfihamlaðra hækka

Fjárhæðir styrkja og uppbóta vegna bifreiðakaupa hreyfihamlaðs fólks hafa hækkað um 20% og ýmis skilyrði fyrir styrkjum verið rýmkuð samkvæmt nýrri reglugerð sem Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra, kynnti fyrr á árinu. Fram kemur á vef félags- og tryggingamálaráðuneytisins að styrkir og bætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða hafa ekki hækkað síðastliðin níu ár. Ásta Ragnheiður sagði þegar hún kynnti hækkunina að löngu hafi verið tímabært og bráðnaðsynlegt að rýmka reglur um

styrki og bætur og færa kerfið nær þörfum notendanna eins og nú er gert. Fjárhæðir uppbóta vegna kaupa á bifreiðum hækka um 20% og sömuleiðis fjárhæðir styrkja til bifreiðakaupa. Fjárhæð uppbótar til bifreiðakaupa er nú 300.000 krónur og ef um er að ræða fyrstu bifreið er fjárhæðin 600.000 krónur. Styrkja til bifreiðakaupa til þeirra sem eru verulega hreyfihamlaðir hækka úr 1 milljón í 1,2 milljónir. Nýmæli í reglugerðinni er að Tryggingastofnun ríkisins getur nú greitt út uppbætur og styrki vegna bifreiðakaupa mánaðarlega á sama hátt og tíðkast með aðrar bætur í stað þess að greiða út ársfjórðungslega.

## Vinnumál fatlaðra til Vinnumálastofnunar

Á vettvangi félags- og tryggingamálaráðuneytisins hefur verið unnið að því að færa umsjón með vinnumálum fatlaðra, sem rekin hefur verið af svæðisskrifstofum og öðrum þjónustuaðilum, til Vinnumálastofnunar. Jóhanna Sigurðardóttir þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra, sagði í fyrrahaust að gert væri ráð fyrir að breytingin gæti átt sér stað um næstu áramót, en ekki hefur enn orðið af þessari breytingu.

## Evrópumeistaramót fatlaðra í sundi á Íslandi í október

Dagana 15.–25. október næstkomandi mun Íþróttasamband fatlaðra standa að Evrópumeistaramóti fatlaðra í sundi í innlauginni í Laugardal. Gert er ráð fyrir að 500-600 sundmenn taki þátt í mótinu. Undirbúningur fyrir mótið er vel á veg kominn og 23. ágúst verður endanlegur keppendafjöldi staðfestur. Sveinn Áki Lúðvíksson formaður ÍF sagði á blaðamannafundi í tilefni mótsins ánægjulegt hve margir keppendur væru skráðir til leiks og sagði það sérstakt fagnaðarefni að þroskaheftir sundmenn yrðu með á mótinu. Síðan á Ólympíumóti fatlaðra í Sydney árið 2000 hafa þroskaheftir íþróttamenn ekki fengið að taka þátt í mótum á vegum Alþjóðaólympíuhreyfingar fatlaðra (IPC) og var það sökum svindlmáls sem komst upp um í herbúðum Spánverja og varð til þess að þroskaheftum var meinaður aðgangur að mótum IPC. Evrópumeistaramótið á Íslandi verður fyrsta skrefið í því að innleiða að nýju þroskahefta íþróttamenn inn í mótahald IPC. Samnorræn samstaða hefur verið allar götur síðan 2000 um að hafa þroskahefta íþróttamenn áfram á mótum IPC en það hefur ekki tekist fyrr en nú og því hefur mikill áfangasigur unnist í þessum málefnum.

Söguvefur Sjálfsbjargar

# Einn stærsti söguvefur á Íslandi

Í tilefni 50 ára afmælis Sjálfsbjargar – landsambands fatlaðra var opnuð á afmælisdaginn 4. júní fyrsta útgáfa af söguvef landssambandsins. Vefurinn er byggður upp sem heildsstæð saga sem getur tekið sífelldum breytingum og viðbótum. Félagar í Sjálfsbjörg og aðrir velunnarar munu eiga mikinn þátt í að móta söguvefinn með ábendingum um breytingar og viðbætur á sögunni og á þann hátt verður vefurinn þéttari og betri með hverri ábendingu, hvort sem það er mynd úr kassa á háalofinu eða upplýsingar sem ekki hafa ratað á vefinn áður. Anna Ólafsdóttir Björnsson, sagnfræðingur, sem einnig er tölvunarfræðingur skrifaði textann á vefinn og sá um uppfærslu hans. Í afmælisveislunni sem haldin var 6. júní sagði Anna frá vefnum og útskýrði vinnu sína við hann. Hún sagði m.a.

„Síðustu vikur hef ég notið þeirrar sérstöku ánægju að sitja einhverja dagsparta í viku hverri í herbergi fullu af áhugaverðum hljóðfærum hér í Sjálfsbjargarhúsinu og lesa mig í gegnum 50 árganga af ritum þeim sem gefin hafa verið út á vegum Sjálfsbjargar til að kynna mér þá ótrúlegu sögu sem landsambandið á sér. Tíminn hefur vissulega verið knappur en engu að síður tel ég að verkið sé tilbúið til fyrstu vefútgáfu þar sem fleirum gefst færi á að lesa efnið og senda línu ef þeir luma á frekari fróðleik.

Sú ákvörðun var tekin að útbúa söguvef sem hefði möguleika að vaxa og dafna. Sem sagt ekki söguágríp heldur heildstæða sögu sem hentaði vel útgáfu á vef. Heldur ekki sögu, eins og hún væri skrifuð á bók, því skrif fyrir bók og vef lúta talsvert ólíkum lögmálum, þótt þessi efniviður sé vissulega góður grunnur að bók. Vefurinn hefur hins vegar þann kost að vera síbreytilegur, alltaf er hægt að bæta við og breyta, og þar leikið þið sem hér eruð, lykilhlutverk. Næsta skref verður eflaust að finna farveg fyrir framlög ykkar, athugasemdir og ábendingar þannig að smátt og smátt verði þessi saga fyllri, fjölbreyttari og enn réttari. Eðlilegast verður að kynna á söguvefnum sjálfum hvernig fyrirkomulagið á þessari vinnu verður.

Meginefni þessa áfanga er unninn upp úr útgefnum heim-

ildum því af þeim er gnótt því margir ritfærir einstaklingar hafa komið að útgáfu tímarita Sjálfsbjargar á ýmsum tímum. Þá ræddi ég sérstaklega við tvær af þeim lykilmanneskjum sem



Anna Ólafsdóttir Björnsson.

lengi hafa fylgst með sögu Sjálfsbjargar og sjálfar skráð talsvert af sögunni í tímaritunum góðu, þær Ólöfu Ríkarðsdóttur og Pálinu Snorradóttur. Fleiri viðtöl eru í burðarliðnum og einnig munu nýleg heimildaviðtöl, sem birtast í ritum Sjálfsbjargar, fá inni á vefnum eftir því sem efni þeirra hentar.

Þessi vefur er nú þegar orðinn einn stærsti söguvefur landsins í texta talið, ef til vill sá stærsti, og við munum hafa talsvert svigrúm til þess að

bæta við hann miðað við núverandi uppbyggingu, án þess að hann verði of þungur og torfær. Fáir hafa enn sem komið er haft dirfsku til þess að skrá sögu sína á þennan hátt og ætla ég að eiginlegir, þokkalega ítarlegir, söguvefir á Íslandi fylli varla meira en um það bil einn eða tvo tugi, en söguágríp af ýmsu tagi eru auðvitað mýmörg. Ljósmyndavefir með upplýsingaefni eru hins vegar búnir að festa sig í sessi og standa vel fyrir sínu en koma ekki í staðinn fyrir eiginlega söguvefi.

Til að gefa hugmynd um samanburð vefútgáfu og ritadrar sögu þá tók ég saman nokkrar staðreyndir: Að umfangi er vefurinn nú þegar orðinn um það bil þriðjungur til fjórðungur af fullskapaðri sögu eins og ætla má að hún liti út á bók. Það er þó allt öðruvísi að lesa sögu af vef en að byrja á síðu þrjú og halda áfram fram að eftirmála og atriðisordaskrá. Frekar má líkja því við að skoða efnisyfirlitið í bók og lesa kaflana í þeirri röð sem áhuginn dregur þig hverju sinni.“

## FRÉTTIR

### Klébergsskóli fékk aðgengisverðlaunin

Klébergsskóli á Kjalarnesi fékk aðgengisverðlaun Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, fyrir árið 2008. Voru þau afhent á Alþjóðadegi fatlaðra 3. desember. Að mati dómnefndar, sem naut aðstoðar Aðgengis ehf., sem sérhæfir sig í ráðgjöf vegna aðgengismála, var skólinn mjög vel að verðlaununum kominn. Aðgengismál eru með miklum sóma, bæði úti við og innan skólans.



## – Takk fyrir veittan stuðning –

### REYKJAVÍK ▼

Litli söðlasmiðurinn, D-Tröð 1  
Jón Ásbjörnsson hf, Geirsgötu 11  
Raftíðni ehf, Eyjarslóð 3  
Ögurvík hf, Týsgötu 1  
Snyrtisetrið Domus Medica sími: 533 3100,  
v/Barónstíg 47  
CCP hf, Grandagarði 8  
Ostabúðin, Skólavörðustíg 8  
Neytendasamtökin, Hverfisgötu 105  
Verslunin Fríða frænka, Vesturgötu 3  
Veitingahúsið Perlan ehf, Öskjuhlíð  
ARGOS ehf - Arkitektastofa Grétars og Stefáns,  
Eyjarslóð 9  
Nonnabíti, Hafnarstræti 11  
Hafgæði sf, Fiskislóð 47  
Fjölver hf, oliurannsóknir, Hólmaslóð 8  
Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17  
Reykjavíkurborg  
HGK ehf, Laugavegi 13  
Sjá-óháð vefráðgjöf ehf, Ingólfsstræti 1a  
Smur-, bón- og dekkjaþjónustan sf, Tryggvagötu 15  
Sjómannafélag Íslands, Skipholti 50d  
Iceland Excursion ehf, Hafnarstræti 20  
Jónsson & Lemacks ehf, Vesturgötu 10A  
Listasafn Hótel Holt ehf, Bergstaðastræti 37  
Röntgen Domus Medica, Egilsstödi 3  
Fjallabak ehf, Skólavörðustíg 12  
Hjálpræðisherinn á Íslandi, Kirkjustræti 2  
Á stofunni, arkitektar, Bergstaðastræti 10  
Dún- og fiður ehf, Laugavegi 87  
Ferðakompaníið ehf, Fiskislóð 20  
Teiknistofan Óðinstorgi verkfræðideild, Óðinsgötu 7  
Gjögur hf, Kringlunni 7  
Ólafur Gústafsson hrl., Kringlunni 7  
Betra líf ehf, Kringlunni 8  
V.R., Kringlunni 7  
Pípuhúsnæringar ehf, Langholtsvegi 109  
Ásbjörn Ólafsson ehf, Skútuvögi 11a  
Löndun ehf, Kjalavögi 21  
Halldór Jónsson ehf, Skútuvögi 11  
Iceland Seafood ehf, Köllunarklettisvegi 2  
Ólafur Þorsteinsson ehf, Vatnagörðum 4  
Nýi ökuskiöld ehf, Klettagörðum 11  
Rolf Johansen & Co ehf, Skútuvögi 10a  
Frjálsþróttasamband Íslands, Engjavegi 6  
Sjómannadagsráð, Laugarási Hrafnistu  
Endurvinnslan hf, Knarrarvögi 4  
Nobex ehf, Skútuvögi 1 b  
Íþróttasamband fatlaðra, Engjavegi 6  
Hitatækni ehf, Langholtsvegi 109  
Félag skrudgæðingja ehf, Skútuvögi 6  
Sjónveilar ehf, Skútuvögi 6  
Rafstilling ehf, Dugguvögi 23  
Innheimtustofa Reykjavíkur, Borgartúni 25  
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf, Vesturhlíð 2  
Saxhóll ehf, Nótatúni 17  
Hvíta húsið hf, auglýsingastofa, Brautarholti 8  
Kjálkar ehf, Laugavegi 163  
Verkfræðistofan VIK ehf, Laugavegi 164  
Pixel ehf, Brautarholti 10-14  
Rafey ehf, Hamrahlíð 33a  
Óttó B. Arnar ehf, Skipholti 17  
Skólavefurinn.is, Laugavegur 163  
Verðbréfaskráning Íslands hf, Laugavegi 182  
DS lausnir ehf, Súdavögi 7  
Talnakönnun hf, Borgartúni 23  
Landssamband lögglumanna, Grettisgötu 89  
Endurskoðendabjónustan ehf, Skipholti 50d

Árni Reynisson ehf, Laugavegi 170  
Íslensk endurskoðun ehf, Bogahlíð 4  
Fjölmennt, Borgartúni 22  
KPMG hf, Borgartúni 27  
Smith og Norland hf, Nótatúni 4  
Congress Reykjavík - Ráðstefnuþjónusta ehf, Engjateigi 5  
SFR stéttarfélag í almannabjónustu, Grettisgötu 89  
NM ehf, Brautarholti 10  
Samið, Borgartúni 30  
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20  
Varahlutaverslunin Kistufell ehf, Brautarholti 16  
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14  
Útflutningsráð Íslands, Borgartúni 35  
Efling stéttarfélag, Sættini 1  
T. ark Teiknistofan ehf, Brautarholti 6  
Pingvallaleið ehf, Skógarhlíð 10  
Tónastöðin ehf, Skipholti 50d  
Leðurverkstæðið Víðimel 35 sf, Víðimel 35  
Valhúsgögn ehf, Ármúla 8  
Heimilispriðji ehf, Hallarmúla 1  
Rúmatalagerinn hf, Skeifunni 13  
ISS Ísland ehf, Ármúla 40  
BabySam á Íslandi, Skeifunni 8  
Yogastöðin Heilsubót, Síðumúla 15  
Tölvu- og tækniþjónustan ehf, Grensásvegi 8  
Aðalvík ehf, Ármúla 15  
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Grensáv. 13  
Ernst & Young hf, Borgartúni 30  
Landssamtökin Proskahjál, Háaleitisbraut 13  
Innheimtustofnun sveitarfélaga, Lágmúla 9  
Kone ehf, Síðumúla 17  
SÍBS, Síðumúla 6  
Lyfjaver ehf, Suðurlandsbraut 22  
Fjárfestingafélagið Gaumur ehf, Suðurlandsbraut 48  
Hreyfimyndasmiðjan ehf, Garðsenda 21  
Suzuki umboði ehf, Skeifunni 17  
Pottþétt ehf, Hjallalandi 30  
Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Ármúla 12  
Tölvar ehf, Síðumúla 1  
Verkfærastofan ehf, Síðumúla 11  
Ís-spor ehf, Síðumúla 17  
Ísól ehf, Ármúla 17  
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14  
Bifreiðastíllingur Nicolai, Faxafeni 12  
Umslag ehf, Lágmúla 5 (bakhús)  
Brauðhúsið ehf, Efstalandi 26  
Ice Consult ehf, Mörkinni 6  
Gnýr sf, Stallaseli 3  
Breiðholtskirkja, Pangbakka 5  
Lagnagæði ehf, Flúðaseli 94  
Gissur og Pálmi ehf, byggingafélag, Álfabakka 14a  
Seljakirkja, Hagaseli 40  
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Stuðlahálsi 2  
Láshúsið ehf, Bildshöfða 16  
Trésmiðjan Jari ehf, Funahöfða 3  
Vörslusvptingar ehf, Tangarhöfða 9  
Harald og Sigurður ehf, Stangarhyl 6  
Bókhaldsþjónusta Arnar Ingólfssonar ehf, Nethyl 2 A  
Ósal ehf, Tangarhöfða 4  
Einingarverksmiðjan ehf, Breiðhöfða 10  
Íþróttafélagið Fylkir, Fylkisvegi 6  
Áltak ehf, Stórhöfða 33  
Endurskoðun og reikningsskil hf, Stangarhyl 5  
Rarik ohf, Bildshöfða 9  
Aðalblíkk ehf, Bildshöfða 18  
MD vélar ehf, Vagnhöfða 12  
BGI málarar ehf, Brekkubæ 17  
Bílasmiðurinn hf, Bildshöfða 16  
Skalli við Vesturlandsveg, Grjóthálsi 8  
Iðntre ehf, Draghálsi 10

Arentsstál ehf, Eirhöfða 17  
Sláturfélag Suðurlands svf, Fosshálsi 1  
Fröken Júlía ehf, Mjódd  
Tandur hf, Hesthálsi 12  
Parlogis hf - Lyfjadreifing ehf, Krókhálsi 14  
Árbæjarapótek ehf, Hraunbæ 115  
Stilling ehf, Kletthálsi 5  
Bílamálun Halldórs Þ. Nikulássonar, Funahöfða 3  
GB Tjónavindgerðir ehf, Draghálsi 6-8  
Múr- og málingarþjónustan Höfn ehf, Tunguhálsi 17  
G.S.varahlutir ehf, Bildshöfða 14  
Lindin, kristið útvarp FM 102.9, Krókhálsi 4  
Salli ehf, Vesturbergi 41  
Gluggahreinsun Loga, Funafold 4  
B.K.flutningar ehf, Krosshömrum 2  
Loftstokkahreinsun ehf s: 893 3397, Garðhúsum 6  
Sigurraf ehf, Stararima 5  
Landsnet hf, Gyflaföt 9  
Malbik og völtun ehf, Hrísríma 33  
Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11  
Vélsmiðjan Harka hf, Hamarshöfða 7

### SELTJARNARNES ▼

Seltjarnarneskirkja, Kirkjubraut 2  
Önn ehf, verkfræðistofa, Eiðstorgi 15  
Falleg gólf - parketþjónusta frá 1984, Nesbala 25  
Prentsmiðjan Nes ehf, Hrólfsskálavör 14

### VOGAR ▼

V.P.vélaverkstæði ehf, lönðal 6

### KÓPAVOGUR ▼

Fjölvirki ehf, Digranesvegi 32  
Logey ehf, Vesturvör 7  
Slökkvitækjaþjónustan ehf, Bakkabraut 16  
Járnsmiðja Óðins ehf, Smiðjuvegi 4b  
Vegurinn, Smiðjuvegi 5  
SR múr ehf, Laufbrekku 19  
Barki ehf, Nýbýlavegi 22  
Goddí ehf, Auðbrekku 19  
Lögmannsstofa SS ehf, Hamraborg 10  
Átak ehf bílaleiga, Smiðjuvegi 1  
Blindrabókasafn Íslands, Digranesvegi 5  
Tónlistarskóli Kópavogs, Hamraborg 6  
Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a  
Ingimundur Einarsson ehf málari, Trönuhjalla 1  
Kópavogskirkja,  
Kópavogsbær, Fannborg 2  
Félagsþjónusta Kópavogs, Fannborg 4  
Vidd ehf, flisaversli, Bæjarlínd 4  
Eignarhaldsfél Brunabotafél Íslands, Hlíðasmára 8  
Ferli ehf, Hlíðasmára 8  
Vetrarsól, Askalind 4  
Point ehf, Hlíðasmára 12  
Smurstöðin Stórahjalla ehf, Dalvegi 16a  
Iðnprent ehf, Akralind 7  
dk hugbúnaður ehf., www.dk.is, Hlíðasmára 17  
Söluturninn Smári, Dalsvegi 16c  
Marás ehf, Akralind 2  
Allt-af ehf, Baugkór 30

### GARÐABÆR ▼

Stálsmiðjan ehf, Vesturhrauni 1  
Árvík hf, Garðatorgi 3  
Teknis ehf, Miðhrauni 8  
Úranus ehf, Hegranesi 21  
Garðabær, Garðatorgi 7  
Loftorka Reykjavík hf, vektaki, Miðhrauni 10  
Haraldur Böðvarsson og co ehf, Birkihæð 1  
Hafnasandur sf, Garðabæ, Birkiási 36



# Sjálfshjörg landsamband fatlaðra, 50 ára:



Fjölmargir gestir voru á svölunum á Sjálfshjargarhúsinu í veðurbliðunni þegar haldið var upp á afmæli Sjálfshjargar.

## Afmælisveisla í sól og sumaryl

Sjálfshjörg landsamband fatlaðra átti hálftrar aldar afmæli 4. júní sl. Afmældisdaginn bar upp á fimmtudag. Afmælisveislan var haldin laugardaginn 6. júní. Í vikunni hafði verið hálfgerður dumbungur í höfuðborginni og tvísýnt um hvort hægt væri að halda afmælisveisluna úti undir berum himni eins og allir vonuðu. Kolbrún Stefánsdóttir framkvæmdastjóri Sjálfshjargar treysti á veðurguðina og var ekkert að hafa fyrir því að panta stórt og rándýrt tjald til að geta flutt veisluhöldin inn ef færi nú að rigna. Og það hefði mátt halda þegar laugardagurinn rann upp að Kolbrún hafi verið í beinu sambandi við veðurguðina og þeir hlustað á hana því ekki sást ský á himni frá hádegi fram á kvöld.

Mikið var um dýrðir við höfuðstöðvar Sjálfshjargar í Hátúninu þar sem dagskrá var allan eftirmiðdaginn. Dagskráin hófst

á svölunum yfir lágbyggingunni með ávarpi formanns Sjálfshjargar lsf, Ragnars Gunnars Þórhallssonar. Árni Páll

Árnason, félagsmálaráðherra tók við og síðan komu Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri, Halldór Sævar Guðbergsson,



Afmælistertan var myndarleg og freistandi.





Meðal þeirra sem ávörpuðu afmælisgesti var Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri Reykjavíkur.

formaður Öryrkjabandalags Íslands. Anna Ólafsdóttir Björnsson, söguritari Sjálfsbjargar sagði frá verki sínu en söguvefurinn var opnaður á afmælisdeginum á heimasíðu Sjálfsbjargar. Þegar ávörpum og kveðjum frá hinum ýmsu einstaklingum lauk var komið að skemmtikröftum og tónlistarfólki. Meðal



Þorkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Háskólans í Reykjavík og Guðmundur Magnússon, stjórnarmaður í Öryrkjabandalagi Íslands og annar af tveimur aðstandendum Aðgengi ehf. létu fara vel um sig á svölunum á Sjálfsbjargarhúsinu.



Í Félagsheimili Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu biðu veglegar kaffiveitingar sem komu frá Hveragerðisbakaríi. Halldóra Pálsdóttir sem er við borðsendann hafði veg og vanda af veitingunum.



Stórsöngvararnir Stefan Helgi Stefánsson og Davíð Ólafsson fengu góðar viðtökur enda ekki aðeins frábærir söngvarar heldur einnig miklir húmoristar.

þeirra sem komu fram voru Uppistandarar Hjólástólasveitarinnar, SJER á báti og Hjónakornin, óperusöngvararnir Stefan Helgi Stefánsson og Davíð Ólafsson og Daníel Örn, töframaður.

Þegar líða tók á daginn færðist dagskráin í garðinn við Sjálfsbjargarhúsið. Þar komu fram leikhópurinn Lotta og fjöllistamenn sem skemmtu yngstu gestunum en þeir sem eldri voru gæddu sér á grilluðum pylsum eða sátu yfir veglegum kaffiveitingum í félagsheimili Sjálfsbjargar. Dagskránni lauk á svölunum þar sem komu fram hljómsveitirnar Nafla-Jón og Napoleon og tónlistarmennirnir Daníel og Tópías.

Óhætt er að fullyrða að afmælishátíðin hafi tekist mjög vel. Veðurguðirnir voru á bandi Sjálfsbjargar, skemmtikraftar stóðu sig einstaklega vel og síðast en ekki síst voru allir með bros á vör í góða veðrinu. Ljósmyndari Klifurs Vilhjálmur Kjartansson var að sjálfsögðu á staðnum og tók myndir af dagskrárliðum og veislugestum.





Kolbrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar Lsf. og Guðfinna Ásgeirsdóttir skrifstofustjóri eru á myndinni með blómvönd og kort, sem Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra og fyrrverandi félagsmálaráðherra sendi Sjálfsbjörg á afmælisdaginn.



Ragnar Gunnar Þórhallsson, formaður Sjálfsbjargar Lsf tekur á móti afmælisgjöf frá Þroskahjálp, landsamtökum. Það er gerður Gerður Á. Árnadóttir formaður Þroskahjálpar sem afhendir gjöfina.



Pylurnar voru vinsælar. Á myndinni eru Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir og Jón Eiríksson með með sitt hvora pylsuna ...



... en aðrir vildu frekar kaffi og kökur og var nóg úrval af þeim í Sjálfsbjargarsalnum.



Anna Torfadóttir, formaður Sjálfsbjargar í Bolungarvík, Anna Ólafsdóttir Björnsson, sögurritari Sjálfsbjargar og Pétur Grétar Geirsson, formaður Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu.



Brjáur heidurskonur, sem hafa verið verið miklum tíma í starfið fyrir Sjálfsbjörg, talið frá vinstri, Hulda Steinsdóttir, Valey Jónasdóttir og Valgerður Guðjónsdóttir.





*Dúettinn Hjónakornin ber nafn með rentu, en hann skipa hjónin Ragnar Gunnar Þórhallsson og Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir. Fluttu þau meðal annars frumsamið lag eftir Ragnar Gunnar.*



*Þeir þurftu margt að ræða, Ragnar Gunnar Þórhallsson, formaður Sjálfsbjargar Isf. og Árni Páll Árnason, félagsmálaráðherra enda brýn málefnið sem Sjálfsbjörg leggur áherslu á í félagslega kerfinu.*



*Yngstu gestirnir fengu sinn skammt af gleðinni þegar leikhópurinn Lotta skemmti þeim.*



*Hanna M. Kristleifsdóttir, Arndís Guðmundsdóttir og Sóley Axelsdóttir nutu góða veðursins í garðinum við Sjálfsbjargarhúsið.*



*Hljómsveitin SJER á báti fór á kostum og voru þeir félagar klappaðir upp.*



*Þegar líða tók á daginn safnaðist fólk saman í garðinum við Sjálfsbjargarhúsið og rabbaði saman yfir góðum veitingum.*



## Viljayfirlýsing um flutning þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga

Ríkisstjórn Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa undirritað viljayfirlýsingu um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga árið 2011. Stefnt er að því að ljúka samkomulagi um framkvæmdina á þessu ári. Heildarkostnaður þjónustu við fatlaða sem ríkið sinnir nú nemur um 10 milljörðum krónu á ári. Til að standa undir kostnaði vegna tilfærslunnar verða tekjur sveitarfélaganna auknar með breytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarfélögin munu bera faglega og fjárhagslega ábyrgð á þjónustunni.

Helstu markmið með flutningi þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga eru að bæta þjónustu við notendur. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verður einfaldari og skýrari og áhersla er lögð á að draga úr skörun verkefna þannig að eitt stjórnástand beri ábyrgð á stærstum hluta almennrar þjónustu við fatlaða. Í þessu felst einnig það markmið að efla sveitarstjórnarstigið.

Samkvæmt viljayfirlýsingunni munu sveitarfélög hafa ríkt sjálfstæði um framkvæmd þjónustu við fatlaða. Miðað er við að í lögum verði fyrst og fremst kveðið á um skyldu þeirra til að veita viðeigandi þjónustu sem byggð er á faglegu mati á þörfum einstaklingsins.

Mynduð verða þjónustusvæði um rekstur þjónustunnar og er miðað við að hvert þeirra hafi að lágmarki 8.000 íbúa. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu viðmiði ef sérstakar aðstæður mæla með því og viðkomandi sveitarfélög hafi sýnt fram á getu til að veita alhliða þjónustu.

Sveitarfélög taka að sér ábyrgð á þjónustu við fatlaða á sambýlum og áfangastöðum fatlaðra. Þau munu sinna frekari liðveislu í þjónustu og íbúðakjörnum og dagþjónustu við fatlaða sem ekki fellur undir vinnumál. Einnig verða heimili fyrir fötluð börn og skammtímvistun á ábyrgð sveitarfélaganna ásamt ábyrgð á stuðningsfjölskyldum fatlaðra barna.

Allmörg sveitarfélög sinna nú þegar með góðum árangri umfangsmikilli þjónustu við fatlaða á grundvelli þjónustusamninga við ríkið. Þessir samningar munu halda gildi sínu þar til flutningur málaflokksins til sveitarfélaganna tekur gildi með lagasetningu eins og að er stefnt árið 2011.

## Samtök um sjálfstætt líf stofnuð 17. júní

Samtök um sjálfstætt líf (Independent Living movement) voru stofnuð hér á landi á þjóðhátíðardaginn 17. júní

2009 af hópi fatlaðs fólks, en Sjálfsbjörg, ÖBÍ og Proska-hjálp hafa stutt við framtakið ásamt starfsfólki í fötlunarfræðinni við HÍ.

Stofnfundur Samtaka um sjálfstætt líf, (SSL) var haldinn á Hótel Borg við Austurvöll. Félagið er hluti af hinni alþjóðlegu Independent Living hreyfingu, alþjóðlegri borgarahreyfingu fólks með fötlun.

Upphafið má rekja til réttindabaráttu fatlaðs fólks í Berkeley háskóla í Bandaríkjunum, sem á sjöunda og áttunda áratugi síðustu aldar barðist fyrir því að lifa sjálfstæðu lífi og fá þá þjónustu/aðstoð sem til þess þyrfti. Gagnrýnin beindist að því hversu mikil völd heilbrigðisstarfsfólk hafði yfir daglegu lífi fatlaðs fólks. Það mótmælti þessu með þeim rökum að fatlað fólk væri ekki sjúkt og þyrfti ekki á umönnun heilbrigðisstarfsfólks að halda. Baráttan hafði áhrif, og ákveðið var að setja upp nýtt fyrirkomulag á aðstoð við fatlaða stúdenta á háskóla-svæðinu sem fólst í því að nemendurnir skilgreindu sjálfir þarfir sínar, hversu mikla og hverskonar aðstoð þeir þyrftu á að halda og hvenær og hverjir veittu aðstoðina. Hugmyndafræði um Sjálfstætt líf fór að breiðast út til annarra landa og hafa samskonar samtök verið stofnuð víða um heim.

Í Svíþjóð var haldið upp á 25 ára afmæli samtaka um sjálfstætt líf í nóvember á síðasta ári. Það var orðið löngu tímabært að fatlaðir Íslendingar tækju málin í sínar hendur og ynnu að raunverulegu sjálfstæði og fullveldi yfir sínu eigin lífi. Samtökin um sjálfstætt líf færði Árna Páli Árnasyni, félags- og tryggingamálaráðherra, að gjöf grasrót á silfurbakka til að vekja athygli hans og ráðuneytisins á stofnun samtakanna. Í stjórn SSL voru kjörin: Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, formaður, Andri Valgeirsson, Ásdís Jenna Ástráðsdóttir, Arnþór Karlsson og Aileen Soffía Svendsdóttir.

*Óskum Sjálfsbjörg til hamingju með 50 ára afmælið*



**Andri Valgarðsson,  
málefnafulltrúi Sjálfsbjargar:**



## Vinnan og áhugamálin tengjast

Andri Valgarðsson, málefnafulltrúi Sjálfsbjargar, er 24 ára gamall Reykvíkingur sem hefur verið áberandi í starfi ungliða innan Sjálfsbjargar: „Ég hef líkast til verið þrettán ára þegar ég byrjaði að taka þátt í starfsemi Buslsins sem snýst um að húa saman ungum hreyfihömluðum krökkum undir 18 ára og gera eitthvað saman, t.d. fara bíó, deila saman ýmsum áhugamálum og finna upp á einhverju frumlegu og skemmtilegu. Algengt er að ungir hreyfihamladír krakkar séu mikið heima hjá sér og er markmið Buslsins að ná þeim út meðal fólks enda hvatningin meiri að gera eitthvað þegar nokkrir eru saman heldur en að hver og einn sé að fást við eitthvað í sínu horni eða gera ekki neitt. Okkur tókst að ná til margra einstaklinga en misjafnlega gekk að halda þeim saman, en það voru alltaf nokkir virkir meðan ég var viðloðandi Buslið.

„Þegar ég er orðinn 18 ára þá fer ég að taka þátt í stafsemi Ný-ungar sem er ungliðahreyfing Sjálfsbjargar og er ég nú formaður þess. Eins og Ný-ung starfar í dag þá má skipta starfseminni í tvennt. Við skemmtum okkur saman, förum í bíó og leikhús og fleira. Svo eru það baráttumálin þar sem við vekjum athygli á okkur, hvað megi betur fara og hvað hefur áunnist. Við reynum að fara aðrar leiðir en almennt eru farnar og hefur okkur gengið vel að vekja athygli á okkar starfi, veljum gjarnan leið á léttum nótum án þess þó að alvaran sem er að baki hverfi.

Ný-ung er opin bæði hreyfihömluðum og ófötluðum á aldrinum 18–30 ára sem hafa áhuga á málefnum ungs hreyfihamlads fólks. Í Nýung eru allir með tillögurétt og

fer mikið eftir því hvaða tillögur koma inn á bord stjórnarinnar, hvað við gerum. En í raun beinum við sjónum okkar að hverju því sem snertir þennan hóp, bæði jákvæðu og neikvæðu og eiga verkefnin sem hreyfingin tekur sér fyrir hendur iðulega upphaf sitt í einhverju sem snertir meðlimahópin persónulega. Verkefnin taka síðan á sig stærri mynd og afrakstur þeirra nýtist mun fleirum en þeim hópi sem er virkur í Ný-ung.

Hvað varðar starfsemina í dag þá er hún ekki eins líflæg og ég vildi að hún væri og er verið að reyna að efla hana með því að vekja athygli á félagsskapnum hjá fötl- uðum ungmennum. Það eru rúmlega tuttugu skráðir í félaginu en ætli það sé ekki um helmingur sem er virkur. Við erum

með okkar eigin netsíðu þar sem við setjum inn fundargerðir og höfum við hug á að efla hana enn frekar.“

### Viljum fleiri í Ný-ung

Þegar Andri er spurður hvað sé eftir- minnilegast úr stafi Ný-ungar þá nefnir hann strax Götuhernaðinn: „Við höfum starfrækt Götuhernaðinn á sumrin en þar er um samstarf Ný-ungar, Reykjavíkurborgar og Hins hússins að ræða. Markmið okkar er að bæta ímynd hreyfihamladra. Útgangspunktur verkefnisins er netsíða þar sem við hlöðum inn myndbrotum, hljóðbrotum og annarri afþreyingu þar sem gildum samfélagsins er snúid á haus. Höfum m.a. gert létt grín að íslenskum auglýsingum. Tókum þekktar auglýsingar úr sjónvarpinu og gerðum þær fatlaðar ef svo má að orði komast, settum fólk í hjólastóla til að leika í endurgerð auglýsinganna. Þetta verkefni þróaðist út í að gera annað stutt leikið efni þar sem við vorum yfirleitt á léttum nótum. Þá er Ný-ung einnig með í árlegum viðburði, 3. desember, sem er að veita verðlaun fyrir besta aðgengi og minna um leið á aðgengi sem mætti vera betra.

Svo má nefna samstarfsverkefni sem við tókum þátt í með Sjálfsbjörg sem



heitir Já, ég vinn hérna og var fyrst í Kringlunni síðla árs 2007. Þar gengum við í störf verslunarfélks og minntum á okkur og okkar málefni. Þetta framtak vakti gífurlega mikla athygli og fjölmiðlar gerðu því góð skil. Það var sérstakleg ánægjulegt hve allir voru ánægðir með verkefnið og starfsfólk verslana í Kringlunni tók okkur sérstaklega vel.“

Andri nefnir að Ný-ung hafi ekkert sérstaklega farið í að auglýsa eftir fólki í hreyfinguna: „Oftast er það þannig að ef fólk hefur áhuga á starfi okkar þá hefur það samband við okkur, frekar en að við séum að reyna að ná fólki til okkar. Ég held að allt ungt, hreyfihamað fólk og aðrir sem hafa áhuga á málefnum okkar hafi gott af því að vera innan okkar vébanda.“

## Stjórnir og nefndir

Andri er ekki aðeins virkur í ungliða-hreyfingu Sjálfsbjargar heldur er hann í nefndum og stjórnun á vegum Sjálfsbjargar, er t.d. í ritnefnd Klifurs, hefur setið í afmælisnefndinni sem sá um atburði og annað í tilefni 50 ára afmælis landsambandsins. Þá er hann varaformaður framkvæmdastjórnar Sjálfsbjargar þannig að nóg er að gera hjá Andra þegar hann sleppir hendi af starfi sínu sem málefnafulltrúi Sjálfsbjargar: „Vinnan og nefndarstörfinn tengjast og þar með áhugmálin þannig að í raun er þetta allt ein heild. Ég hef mjög gaman af að stússast í félagsmálunum auk þess sem vinnan veitir mér mikla möguleika á að fylgjast með starfsemi landssambandsins.“

Undanfarna mánuði hefur verið mikið að gera í afmælisnefndinni. Nú er því starfi lokið og þá tekur annað við.“

Það sem er mest spennandi framundan að mati Andra eru „Samtökin um sjálfstætt líf“, en hann er í stjórn þeirra: „Sjálfstætt líf“ er baráttumál sem er mjög ofarlega á baugi hjá fötludum og á eftir að verða hluti af mínu starfi hjá Sjálfsbjörg, að fræðast sem mest um málið, vera í sambandi við hópa sem koma nálægt verkefninu og koma þekkingu þeirri sem ég afla mér á framfæri til annarra félaga í Sjálfsbjörg. „Samtök um sjálfstætt líf“ er mikið nauðsynjamál hjá okkur og við hefðum átt fyrir löngu að vera búin að taka á þeim málum. Við erum langt á eftir öðrum Norðurlöndum í þessari starfsemi en vonandi stendur það til bóta.“

„Sjálfstætt líf“ er að mínu mati eitt allra stærsta verkefnið okkar. Það gengur ekki að vera alltaf háður stofnanapakka þar

sem við fáum sjálf ekki að ráða neinu um okkar líf. Hvað varðar skilning á þessu verkefni þá höfum við mikinn hljómgrunn úti í þjóðfélaginu en þeir sem stjórna stofnunum og reka þær eru varir um sig og kannski ekki alveg tilbúnir að samþykkja þær breytingar sem það hefði í för með sér að völdin verði tekin úr þeirra höndum. Sú reynsla sem við erum að upplifa nú er samskonar og kom fram í nágrannalöndum okkar. Ég er ekki að segja að stofnanir séu á móti breytingunum en þær eru aðeins í varnarstöðu, en sjálfstætt líf okkar er framtíðin sem stofnanir komast ekki hjá að viðurkenna.“

## Málefnafulltrúinn

Hvernig kom það svo til að Andri réði sig í vinnu hjá Sjálfsbjörg: „Þegar kom til tals í framkvæmdastjórninni að ráða málefnafulltrúa til landssambandsins fannst mér upplagt að sækja um starfið og þar með sameina áhugamál og vinnu. Þar að auki var ég að leita að vinnu svo það gat ekki komið á hentugri tíma. Ég er ekki í fullu starfi og hef ég því nægan tíma til að huga að öðrum málum sem koma upp á borð í þeim nefndum og stjórnun sem ég er í.“

Undanfarið hef ég aðallega verið að vinna að nýjum vef fyrir Sjálfsbjörg sem var sendur í loftið í tilefni afmælisins. Var kominn tími til að endurnýja gamla vefinn sem var orðinn frekar úreltur. Ég hef verið

í samstarfi við þá aðila sem eru að búa vefinn til og hef verið að setja efni inn á hann. Eitt aðalstarf mitt mun síðan vera að halda utan um vefinn þegar hann er kominn í gagnið. Nýi vefurinn verður mun opnari heldur en sá gamli og allir innan Sjálfsbjargar ættu að geta komið upplýsingum inn á vefinn sem þeir telja að þurfi að vera þar. Að öðru leyti geri ég allt sem til fellur til, er að svara fyrirspurnum á Netinu og taka á móti ferðamönnum sem koma til okkar, reyni að aðstoða þá. Geng sem sagt í öll störf.“

Starf Andra sem málefnafulltrúi Sjálfsbjargar er hans fyrsta starf á almennum vinnumarkaði: „Áður en ég tók við starfinu var ég í námi í Borgarholtsskóla. Kláraði ekki alveg þegar á heildina er litið, en kláraði brautir sem ég hef mestan áhuga á sem er fjölmiðlabrautin og margmiðlun. Ég er því kominn með ágætan grunn í þeim greinum, en mig vantar enn einstaka áfanga til að klára stúdentinn. Ég hef alltaf verið mikið fyrir að grúska í tölvum og hef mjög gaman af grafískri vinnslu, hef meðal annars gert plaggöt og tvær leikskrár fyrir Halaleikhópin.“

Andri býr enn í foreldrahúsum í Grafarvoginum en er búinn að sækja um íbúð. „Listinn er langur og það er aldrei að vita hvenær ég fæ mína eigin íbúð. En það er tilhlökkunarefni að hugsa til þess að einhvern tímann kemur að því.“



Andri með félögum sínum Friðriki, Arnóri, Gunnari og Orra, en þeir tóku þátt í verkefninu „Já, við vinnum hér“ í Kringlunni í desember 2007.





Fimm Sjálfsbjargarfélög stofuðu landssambandið, 4. júní 1959 í Reykjavík. Á myndinni eru fulltrúar á stofnþinginu. Efsta röð frá vinstri: Sveinn Þorsteinsson, Emil Andersen, Eiríkur Einarsson, Eggert Theodorsson, Zophías Pétursson, Valey Jónasdóttir, Skarphéðinn Karlsson, Hulda Steinsdóttir, Þór Sigurþórsson, Trausti Sigurlaugsson og Bjarni Guðmundsson. Í miðröð eru: Valgerður Hauksdóttir, Helgi Eggertsson, Ingibjörg Magnúsdóttir, Jónína Egilsdóttir og Heiðrún Steingrimsdóttir. Í fremstu röð eru Adolf Ingimarsson, Sigurgrímur Ólafsson, Sigursveinn D. Kristinsson, Theódór A. Jónsson og Hendrik Ottósson.

# Staldrað við í sögu Sjálfsbjargar



Hús Sjálfsbjargar í byggingu og væntanlegur íbúi fylgist með. Framkvæmdir hófust við byggingu hússins árið 1966. Uppsteypu var lokið við fyrsta áfanga árið 1968. Árið 1973 fluttu fyrstu íbúarnir inn.



Ingibjörg Magnúsdóttir frá Ísafirði og Eiríkur Einarsson í Reykjavík taka sér smá hlé frá störfum á þriðja þingi Sjálfsbjargar sem haldið var á Siglufríði 1961.



Á fimmtíu ára afmæli Sjálfsbjargar þykir sjálfsagt að fara aftur í tímann og minnst liðinna atburða. Það vill svo til að mikið og gott myndasafn er til í höfuðstöðvum Sjálfsbjargar í Hátúninu og er ég viss um að fá félög geta státað af jafn viðamiklu myndasafni. Þetta mikla safn mynda segir okkur að Sjálfsbjargarfélagar hafa verið duglegir að mynda alla atburði sem landsambandið hefur staðið fyrir eitt sér eða með öðrum.

Þegar ákveðið var að birta gamlar myndir úr starfinu í afmælisblaði Sjálfsbjargar var úr miklu að móða, sem betur fer fyrir okkur sem fórum í gegnum safnið. Myndarlega hefur verið staðið að flokkun safnsins og auðveldaði það okkur leitina. Hvað myndavalið varðar, sem birtist á þessum síðum, var ákveðið að hafa sem mest frá fyrstu árunum. Við vildum minnst ýmissa atburða um leið



Stjórnarfundur V.N.I. 1969: Knud Gregersen, Fredrik Knudsen, Sigursveinn D. Kristinsson, Aimo Aaltonen og Ólöf Ríkarðsdóttir.

og sýnt væri fram á að baráttumálum var ávallt verið fylgt eftir af krafti og almenn-

ingur vakinn til vitundar um stöðu fatlaðra með ýmsum atburðum.



Frá vígslu sundlaugar Sjálfsbjargar á ári fatlaðra 1981. Á myndinni má meðal annarra þekkja: Guðrínu Helgadóttur þáverandi alþingismann og síðar forseta alþingis, Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og þáverandi alþingismann, Ólaf Ragnar Grímsson forseta og þáverandi alþingismann og Ólaf Ólafsson fv. landlækni.

Þingfulltrúar á 10. þingi Sjálfsbjargar lsf., sem haldið var að Jaðri.







Sjálfsbjörg var líklega fyrst félaga til að bjóða upp á sérstakt ferðahappdrætti til fjáröflunar. Hér eru vaskt sölufolk í happdrættinu 1961.



Kiwanisbíllinn árið 1980, mynd tekin í tilefni af 30 ára afmæli Sjálfsbjargar.



Jafnréttisgangan sem farin var árið 1978 kemur að Kjarvalsstöðum.



Á fimmta þingi Sjálfsbjargar sem haldið var í Skátaheimilinu í Reykjavík. Forseti þingsins Sigursveinn D. Kristinsson, ritarar Pálína Snorradóttir og Ólöf Ríkarðsdóttir. Við enda borðsins er Sveinn Þorsteinsson frá Akureyri.



Söngur og gleði við völd á landsþingi árið 1963. Fremst má sjá Ólöfu Ríkarðsdóttur og Ása í Bæ.



Skemmtiatriði á tíu ára afmæli Sjálfsbjargar. Heiðrún Steingrimsdóttir slær gítarstrengina og stjórnar söngnum.



Sigursveinn D. Kristinsson stjórnar fjöldsöng árið 1958. Með honum á myndinni er Gunnar Guðmundsson, sem var góður harmonikkuleikari þó blindur og einhentur væri.

16. þing Sjálfsbjargar var haldið að Flúðum í Hrunamannahreppi í júní 1974. Mikil veðurblíða var meðan á þingfundum stóð og um tíma var þingheimur að störfum undir berum himni. Slíkt hefur aldrei gerst hvorki fyrr né síðar.





# Alltaf beita upp í eyggja, klífa hæsta

## – Í tilefni af tilvist Sjálfsbjargar, landssambands

Árið 1963 var 5. ársþing Sjálfsbjargar haldið og við það tækifæri gáfu aðildarfélögin landssambandinu útskorinn fundarhamar úr filabeini eftir Ríkarð Jónsson, myndhöggvara. Á hann var skorið merki samtakanna sem Ríkarður teiknaði og vísuþingur sem er titill þessarar greinar: „Alltaf beita upp í vindinn, eygja, klífa hæsta tindinn”. Þetta sama ár gekk Sjálfsbjörg í Nordisk Handikap Förbund, NHF, Bandalag fatlaðra á Norðurlöndum. NHF og önnur samskipti við útlönd hafa ávallt verið samtökum okkar uppspretta hvatningar og nýjunga í baráttunni á Íslandi.

En fyrir hverju barðist fólk þú sem stofnaði Sjálfsbjörg fyrir 50 árum? Fyrst og fremst fyrir manngildi, virðingu og tækifærum fatlaðra í samfélaginu, fyrir því að vera þátttakandi í samfélaginu, fólk á meðal fólks, virkni og því að vera sjálfsbjarga. Þessi baráttumál eru enn í fullu gildi þó í ýmsum tilvikum hafi orðið breytingar á því hvaða leiðir skuli farnar að takmarkinu. Það samfélag sem við búum í hefur tekið margskonar breytingum og það sama gildir um baráttumál og mannréttindakröfur fatlaðra og þar með hvernig markmiðum skuli náð. Í auknum mæli hafa málefni fatlaðra tekið mið af framförum sem orðið hafa á fjölþjóðlega vísu með tilkomu samninga um bætt réttindi, lög-gjafar og annarra aðgerða á sviði mannréttinda í víðum skilningi. Lykilatriði í þróun mannréttinda er að ekki megi mismuna einstaklingum á nokkurn hátt, t.d. á grundvelli kynferðis, kynþáttar, trúar, fötlunar, aldurs og fleiri þátta. Miklar breytingar hafa orðið á áherslum samtaka fatlaðra á Vesturlöndum í takt við þessar breytingar. Sjálfsbjörg verður að þjóna tilgangi sínum á hverjum tíma og ekki bara fylgjast með því sem er að eiga sér stað í baráttu fatlaðra heldur skipa sér í framvarðarsveit baráttunnar.

### Félagslega skilgreiningin á fötlun

Félagslega skilgreiningin á fötlun hefur á undanförunum árum og reyndar áratugum verið að ná yfirhöndinni í allri umræðu um stöðu fatlaðra í samfélaginu, hjá t.d. fötluðum fræðimönnum, samtökum fatlaðra og stjórnvöldum í ýmsum löndum, en þó í afar litlum mæli hér á landi. Þessi skilgreining lítur svo á að fötlun sé ekki fyrst og fremst læknisfræðileg skilgreining á einstaklingnum og harmleikur sem kalli á vorkunnsemi og gjald-fellingu einstaklingsins heldur er fötlunin fyrst og fremst skilgreind út frá þeim hindrunum og skorti á aðstoð, þjónustu og réttindum sem til staðar eru í samfélaginu. Það er normal að vera „fatlaður“ og það er skipulag og útfærsla mannvirkja, vara og samfélagsins sem skapar fötlunina.

### Hönnun fyrir alla

Hugtakið „Hönnun fyrir alla“ byggir á félagslegu skilgreiningunni á fötlun. Inntak hennar er: Leysum fjölbreytnina úr fjötrum. Við erum öll fólk. En þar endar líka samlíkingin. Meðaltal alls fólks býr ekki í íbúð í fjölbýlishúsi. Það ferðast ekki í strætisvagni. Það notar ekki stiga eða lyftur. Það er sama hvert við lítum í kringum okkur, við munum ekki finna einstakling meðaltalsins; normið. Einfaldlega vegna þess að sá einstaklingur er ekki til. Enginn býr í 2,3 herbergja íbúð, ferðast 3,7 sinnum á ári eða á 1,7 börn. Þessar tölur eru bara til í staðtölum.

Hversvegna er það þá þannig að þéttbýli, samgöngutæki, vörur og umbúðir eru einungis hannaðar til nota fyrir einstakling normsins. Ef til vill liggur svarið í góðum vilja en þó misskilningi milli hugtaksins jafnrétti og því að vera svipaður. En leiðin að samfélagi þar sem allir eiga sömu möguleika verður að hefjast út frá þeirri staðreynd að við erum öll ólík hvort öðru – svo dásamlega mismunandi. Lágvaxin. Hávaxin. Veikbyggð. Sterk. Digur. Ung. Gömul. Ólík að uppruna. Og það skiptir ekki máli hvort þú ert ástfanginn, niðurdreginn eða með fötlun á einhvern hátt.

Hvernig væri það ef hönnun og arkitektúr gætu verið jafn fjölbreytileg og spennandi eins og fólk þú, sem notar verk þessara aðila. Hönnun fyrir alla er áskorun fyrir alla einstaklinga, opinbera aðila, seljendur, kaupendur, skipuleggjendur, hönnuði og arkitekta um að leggjast á sveif með frelsishreyfingunni og hverfa frá kæfandi takmörkunum meðaltalsins og ríkjandi hefða.

### Framtíðin

Hvernig sjáum við baráttu fatlaðra í framtíðinni og á hverju mun betri staða og aukin jafnrétti fatlaðra í samfélaginu byggjast? Bætt og aukin menntun fatlaðra er hér algjört skilyrði og virk þátttaka á öllum sviðum samfélagsins. Ekki síst vantar okkur fatlaða fræðimenn á sviði fötlunarfræða og að efla starf fatlaðra að hagsmunamállum sínum. Hér verða nefnd nokkur verkefni, sem hvert um sig eru þáttur í vegferðinni að takmarkinu. *Afstofnanavæðing:* Hér er átt við það að flytja vald og val um aðstoð og þjónustu sem fatlaðir þurfa á að halda vegna sjálfstæðis og daglegs lífs til einstaklinganna sjálfra, sem þá hafa meira val um hvar og hvenær þjónustan er veitt, hvað er gert og hver veitir þjónustuna. Hér er ekki verið að tala um einkavæðingu opinberrar þjónustu heldur að færa valdið yfir þjónustunni frá þjónustu-veitanda til þess sem fær þjónustuna. Fyrir fatlaðan einstakling

# Windinn, tindinn

## fatlaðra, í 50 ár



sem þarf aðstoð við athafnir og tækifæri daglegs lífs merkir þetta að hafa sama vald yfir þeim athöfnum og ófatlaðir hafa og taka sem sjálfsögðum hlut. *Samtök um sjálfstætt líf (SSL)*: Samtökin, sem stofnuð voru 17. júní 2009, byggja á „Independent Living“ hreyfingunni þar sem afstofnanavæðingin er eitt af grundvallaratriðum hugmyndafræðinnar um valdeflingu fatlaðra og sjálfstætt líf, en SSL starfa að útbreiðslu hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf meðal fatlaðra, almennings og opinberra aðila. *Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)*: Í undirbúningi er að fatlaðir stofni miðstöð eða samvinnufélag, rekið án ágóðamarkmiða, sem reki

starfsemi utan um NPA þjónustu, sem m.a. felur í sér að fatlaðir sem þurfa aðstoð í daglegu lífi ráði sína eigin aðstoðarmenn, en þessi starfsemi á sér fyrirmyndir í mörgum löndum og m.a. hafa myndast tengsl við sambærilega starfsemi í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. *Endurskoðun á starfsemi Sjálfsbjargarheimilisins, ný og aukin þjónusta*: Í gangi er vinna við tillögur um aukna og nýja þjónustu á vegum Sjálfsbjargarheimilisins, sem fæli í sér aukna þjónustu og aðstoð við hreyfihamlaða hvar sem þeir búa á landinu. Markmiðið er sjálfbjarga og sjálfstætt líf einstaklings með fötlun þar sem vald og sjálfsákvörðunarréttur er virtur. *Löggjöf sem bannar mismunun á grundvelli fötlunar*: Í ýmsum löndum, t.d. í Noregi frá 1. janúar 2009, hefur verið stigið það skref að setja löggjöf sem bannar mismunun á grundvelli fötlunar. Tilskipun um þetta efni er til málsmeðferðar hjá Evrópusambandinu, en hún tekur einnig til fleiri „minnihluta“ hópa. Slíka löggjöf þarf að setja á Íslandi með einhverjum hætti, t.d. ef viðunandi árangur á að nást í aðgengismálum; aðgengi að mannvirkjum. *Hönnun fyrir alla (enska: Design for All – norska: Universell utformning)*: Þetta er hugmyndafræði sem útbreidda þarf meðal þeirra sem valdið hafa um hönnun og útfærslu bygginga, vara og þjónustu. *Frumvörp til laga um mannvirki og skipulagsmál*: Þessi frumvörp hafa verið lögð fram á Alþingi, en ekki fengið framgang. Ákvæði þeirra gera auknar kröfur um aðgengi fyrir alla, en líklegt er að gera þurfi ennfrekari kröfur í lagatextanum um hönnun fyrir alla. *Íbúðalánasjóður*: Stuðningur við fatlaða sem verða fyrir umframkostnaði vegna fötlunar vegna íbúðarhúsnæðis, t.d. vegna stærðar rýmis, breytinga og sérbúnaðar, er enginn af hálfu Íbúðalánasjóðs. Fyrirgreiðslan fellst einungis í því að fatlaðir geta fengið svokallað sérþarfarán eða sem sagt skuldsett sig enn meira en ófatlaðir og bera þannig að fullu viðbótarkostnað vegna fötlunar sinnar. Hér stöndum við verulega að baki öðrum Norðurlöndum. *Nám fyrir fatlaða sem vilja taka þátt í og vinna að baráttumálum fatlaðra innan samtaka fatlaðra*: Vinna að þessari hugmynd er í gangi í samvinnu Sjálfsbjargar og Háskóla Íslands. Námskeiðið hétu t.d. „Fötlunarfræði og mannréttindabaráttu“. Námið verður fyrir fatlað fólk sem vill starfa að málefnum fatlaðs fólks, einkum fyrir þá sem starfa innan baráttuhreyfingar fatlaðra. Þarna yrði m.a. miðlað þekkingu um strauma og stefnur í baráttu fatlaðra, innanlands og utan og kennd yrði leiðtogafærni, samskipti við fjölmörg o.fl. Markmiðið er að efla og fjölga þeim fötluðu einstaklingum sem taka þátt baráttu fatlaðra.

„Þeir sem minnst mega sín“ eða „Þeir sem verst eru settir“ stefnan er algjörlega ófullnægjandi og takmarkandi. Hún er búin til af þeim sem valdið hafa til að setja fatlaða skör neðar í samfélaginu og aðgreina þá. Þessi stefna er ekki valdeflandi fyrir fatlaða heldur felur í sér að talað er niður til okkar. Hún dregur ekki athyglina að jafnrétti og borgaralegum réttindum allra fatlaðra eða jöfnun tækifæra og aðstöðu í samfélaginu, tekur ekki með þjónustuna við fatlaða og réttinn til samfélagsþátttöku. Við þurfum að efla vinnu okkar á þessu sviði baráttunnar. „Piss on Pity“ er eitt að slagorðum „Independent Living“ hreyfingarinnar, sem þýða mætti sem „Valtaðu yfir vorkunnsemina“ eða „Enga ölmusu, takk“.

Að lokum óska ég okkur öllum til hamingju með 50 ára afmæli samtakanna. Horfum fram á veginn og verum alltaf á tánum í baráttunni.

Ragnar Gunnar Þórhallsson  
formaður Sjálfsbjargar, lands sambands fatlaðra.



## – Takk fyrir veittan stuðning –

Geislatækni ehf Laser-þjónustan, Suðurhrauni 12c  
Endurskoðun og ráðgjöf ehf, Garðatorgi 7  
Raftækniþjónusta Trausta ehf, Lyngási 14  
Garðaflug ehf, Holtsbúð 43

### HAFNARFJÖRDUR ▼

Ísmenn ehf, pípulagnir, Flatahrauni 5b  
Fjarðarkaup ehf, Hólshrauni 1  
Eiríkur og Einar Valur hf, Breiðvangi 4  
Gullfari ehf, Vesturholti 2  
Gunnar Örn - málingarþjónusta, Álfholt 56c  
Netorka hf, Bæjarhrauni 14  
Blikksmíði ehf, s: 5654111 blikksmíði@simnet.is,  
Melabraut 28

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28  
Höfn öldrunarmiðstöð, Sólvangsvegi 1  
Sjúkraþjálfarinn ehf, Strandgötu 75  
Verkþjónusta Kristjáns ehf, Reykjavíkurvegi 68  
Batteríð ehf, Trönuhrauni 1  
Vörumerking ehf, Bæjarhrauni 24  
Stálskip ehf, Trönuhrauni 6  
Rafgeymasalan ehf, verkstæði, Dalshrauni 17  
Fiskvinnslan Útvík ehf, Eyrartröð 7-9  
Spennubreytar, Trönuhrauni 5  
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64  
Sýningaljós slf, Klettagötu 12  
Hvalur hf Hafnarfirði,  
Vélaverkstæði Jóhanns Ólafssonar ehf,  
Reykjavíkurvegi 70  
Rafrún ehf, Gjótuhrauni 8  
Gaflarar ehf Rafverktakar, Lónsbraut 2  
Finpússning ehf, Rauðhelli 13

### ÁLFTANES ▼

Sveitarfélagið Álftanes, Bjarnastöðum  
Járnbrá ehf, Blikastíg 6  
Garðasteinn ehf, Blikastíg 10

### GRINDAVÍK ▼

Jens Valgeir ehf, lðavöllum 8  
Eldhamar ehf, Suðurhóp 10  
Grímsnes ehf, Hafnargötu 31  
Grindin ehf, trésmiðja, Hafnargötu 9a  
Vísir hf, Hafnargötu 16

### SANDGERÐI ▼

Sandgerðisbær, Miðnestorgi 3  
Verk- og tölvuþjónustan ehf, Holtsgötu 24

### GARÐUR ▼

Sveitarfélagið Garður, Sunnubraut 4

### REYKJANESBÆR ▼

Ístek ehf, Hólagötu 31  
Toyota, Reykjanesbæ, Njarðarbraut 19  
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis,  
Krossmóum 4  
ÁÁ verktakar ehf, Fitjabakka 1b  
Fitjavík ehf, Fitjum  
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12  
Smurstöð og hjólbarðaðþjónusta Björns og Þórðar,  
Vatnsnesvegi 16  
Pensla ehf, Strandgata 26  
Verkfræðistofa Suðurnesja hf, Víkurbraut 13  
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14  
Skólar ehf, Klettatröð 2314

### MOSFELLSBÆR ▼

Kvenfélag Kjósarhrepps,  
Garðyrkjustöðin Gróandi, Grásteinum  
Vélsmiðjan Orri ehf, Flugumýri 10  
Dalsgarður ehf, Dalsgarði 1  
Rögn ehf, Súluhöfða 29  
Skálatúnshemilið,  
Glertækni ehf, Völuteigi 21  
Dælutækni ehf, Spóahöfða 10  
Kjósarhreppur www.kjos.is, Ásgarði

### AKRANES ▼

Akraneskaupstaður, Stíllholti 16-18  
Smurstöð Akraness sf, Smiðjuvöllum 2  
Fortuna veisluþjónusta, Mánabraut 20  
Ehf, Álmskógum 1, Álmskógum 1  
Bílver, bílaverkstæði ehf, Innnesvegi 1  
Vignir G. Jónsson hf, Smiðjuvöllum 4  
GT Tækni ehf, Grundartanga

### BORGARNES ▼

Gæðakokkar ehf, Sólbakka 11  
Sæmundur Sigmundsson ehf, Brákarey  
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf, Bøðvarsgötu 11  
Vélaverkstæði Kristjáns ehf, Brákarbraut 20  
Félagsbúið Mófellsstöðum sf, Mófellsstöðum  
Jörvi hf, vinnuvélar, Hvanneyri  
SÓ Húsbýggingar sf, Litlu Brekku  
Eyja- og Miklaholtshreppur, Hofstaðir

### STYKKISHÓLMUR ▼

Heimahornið ehf, Borgarbraut 1  
Rauði kross Íslands Stykkishólmsdeild, Sundabakka 1  
Tindur ehf, Hjallatanga 10

### GRUNДАР FJÖRDUR ▼

Berg - vélsmiðja ehf, Ártúni 4

### ÓLAFSVÍK ▼

Ferskur ehf, Ennisbraut 10  
Steinunn ehf, Bankastræti 3

### SNÆFELLSBÆR ▼

Búðakirkja, Kálfárvöllum

### HELLISSANDUR ▼

KG Fiskverkun ehf, Melnesi 1  
Sjávariðjan Rifi hf, Hafnargötu 8  
Nónvarða ehf, Bárðarási 6

### BÚÐARDALUR ▼

K.M. þjónustan ehf, Vesturbraut 20

### ÍSÁFJÖRDUR ▼

Kjöler ehf, Urðarvegi 37  
Stál og Hnífur ehf, Pósthólf 250  
Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgötu 12  
Hamraborg ehf, Hafnarstræti 7  
BK bílasprautun og réttingar ehf, Seljalandsvegi 86  
Lögsýn ehf, Aðalstræti 24  
Tækniþjónusta Vestfjarða ehf, Aðalstræti 26  
Tréver sf, Hafraholti 34  
Fjórðungssamband Vestfirðinga, Ármagötu 2-4  
KNH ehf, Grænagarði

### BOLUNGARVÍK ▼

Bolungarvíkurkaupstaður, Aðalstræti 12  
Jakob Valgeir ehf, Grundarstíg 5  
Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar ehf,  
Hafnargötu 12  
Málningarlaggerinn sf, Heiðarbrún 1  
Brún ehf, Móholti 6  
A.G.Sjávarafurðir hf, Holtastíg 15  
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf, Hafnargötu 17

### SÚÐAVÍK ▼

Súðavíkurbreppur, Grundarstræti 3

### PATREKSFJÖRDUR ▼

Nanna ehf, v/Höfnina  
Vestri hf - Oddi, Eyrargötu  
Flakkarinn ehf, Brjánslæk

### STADUR ▼

Bæjarhreppur, Hlaðhamar  
Allinn, veitingahús, Gránufélagsgötu 10

### KJÖRVOGUR ▼

Hótel Djúpvík ehf, Árneshreppi

### HVAMMSTANGI ▼

Húnaþing vestra, Hvammstangabraut 5  
Villi Valli ehf, Hvammstangabraut 33

### BLÖNDUÓS ▼

Grettir sf, fjölritunarstofa, Þverbraut 1  
Búnaðarþing Húnaþings og Stranda, Húnaþing 13  
Samstaða, skrifstofa verkalýðsfélaga, Þverholti 1  
Húnavatnshreppur, Húnavöllum

### SKAGASTRÖND ▼

Trésmiðja Helga Gunnarssonar ehf, Mánabraut 2  
Rafmagnsverkstæðið Neistinn ehf, Strandgötu 32  
Skagabyggð, Örlýgsstöðum II  
Sveitarfélagið Skagastrand, Túnbraut 1-3  
Marska ehf, Höfða

### SAUÐÁRKRÓKUR ▼

Verkfræðistofan Stod ehf, Aðalgötu 12  
Alblástur ehf, Víðimýri 8  
K-Tak ehf, Borgartúni 1  
Bókhaldsþjónusta KOM ehf, Víðihlíð 10  
Vörumiðun ehf, Eyrarvegur 21  
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1

### VARMAHLÍÐ ▼

Akrahreppur Skagafirði,

### HOFSÓS ▼

Vesturfarasetrið,

### SIGLUFJÖRDUR ▼

Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, Hvanneyrarbraut 37-39  
Egill síld ehf, Gránugötu 27

### AKUREYRI ▼

Rafeyri ehf, Norðurtanga 5  
Hártískan sf, Kaupangi við Mýrarveg  
Girðir ehf, Hafnarstræti 82  
Slippurinn Akureyri ehf, Hjalteyrargötu 20  
Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, Skipagötu 14  
Sjúkrahúsið á Akureyri, Eyrarlandsvegi  
Almenna lögþjónustan hf, Kaupvangsstræti 4  
Samherji hf, Glerárgötu 30

# „Enginn sagði: Þetta er ekki hægt“

– viðtal við Ólöfu Ríkarðsdóttur fyrrverandi  
stjórnarmann og félagsmálafulltrúa Sjálfsbjargar

Ólöf Ríkarðsdóttir er búsett í fallegu húsi í Grafarvoginum ásamt tvíburasystur sinni, Ásdísi og kettinum Ljúfu, sem er ákaflega lífsreynður köttur og tók þá hyggilegu ákvörðun að flytjast til þeirra systra fyrir einu ári, þá grindhoruð og kettlingafull. Á heimilinu er fjöldi fallegra muna, ekki síst útskornir kjörgripir eftir föður þeirra, Ríkarð Jónsson útskurðarmeistara og myndhöggvara.

Saga Sjálfsbjargar og saga Ólafar Ríkarðsdóttur eru samofnar og líklega eru fáir sem hafa eins glögga yfirsýn yfir þá þróun sem orðið hefur í málefnum fatlaðra á undanföllum fimm tíu árum. Hún tengist málefnum fatlaðra á margvíslegan hátt, var fyrsti ritari stjórnar Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra og sat þar í fjölmörg ár. Ólöf var fyrsti Íslendingurinn og fyrsta konan sem settist í stjórn norrænna samtaka fatlaðra (Nordisk Handikap Forbund) árið 1961. Hún var ein af helstu hvatamönnum þess að Öryrkjabandalag Íslands var stofnað árið 1961 og formaður bandalagsins árin 1994–1998. Þá eru ótalin fjölmörg félagsstörf sem hún hefur innt af hendi í málefnum fatlaðra og öðrum mikilvægum þjóðfélagsmálum.

## Rætur fyrir austan

Báðir foreldrar Ólafar voru Austfirðingar, móðir hennar, María Ólafsdóttir var frá Dallandi í Litlu Húsavík austur og faðir hennar, Ríkarður Jónsson, var uppalinn á Strýtu í Hálsþinghá. Í Dallandi ólst María upp í sjö syskina hópi. Eftir að faðir þeirra féll frá fluttist María með móður sinni til Seyðisfjarðar skamma hríð og fór þaðan til Kaupmannahafnar, en fimm systur hennar voru farnar þangað áður. Á þessum tíma, snemma á 20. öld, var algengt að leiðin lægi til Kaupmannahafnar eða til New York. Systur Maríu gerðust saumakonur og saumuðu karlmannaföt og hún



*Ólöf Ríkarðsdóttir segir viðhorf til fötlunar og einkum fatlaðs fólks hafa breyst en ef til vill hægar en ætla mætti.*



lagði það einnig fyrir sig. Tvær systuranna héldu síðan vestur um haf til Bandaríkjanna og lærði önnur þeirra tannsmíðar. Þótt foreldrar Ólafar væru báðir að austan kynntust þau María og Ríkarður í Kaupmannahöfn, felldu hugi saman og giftu sig árið 1912. Ríkarður fór utan eftir að hann lauknámi í útskurði hjá Stefáni Eiríkssyni og nam við Listaháskólann (Kunstakademiet) í Kaupmannahöfn. Hann vann fyrir sér við útskurð á verkstæði í Kaupmannahöfn meðfram námi. Þar var hann að námi loknu fljótlega settur yfirmaður. „Það líkaði Dönnum ekki vel,“ segir Ólöf, „og oft sló í brýnu milli þeirra vegna sjálfstæðismálsins og ýmissa annarra ágreiningsmála. Hann vann einnig við Konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn við skreytingu leikbúninga.“

### Róttækt uppeldi á Grundarstíg

Rétt fyrir heimsstyrjöldina fyrri var orðið ófriðlegt í Evrópu og ungu hjónin héldu því heim á leið. Þau hófu búskap í Reykjavík en eftir stríðið fór Ríkarður í námsdvöl til Rómar veturinn 1920–1921 en María flutti með eldri börnin tvö vestur í Hamarsfjörð til tengdamóður sinnar. Tvíburasysturnar Ólöf og Ásdís fæddust síðan á Djúpavogi og fjölskyldan fluttist svo ári síðar til Reykjavíkur. Lengst af þjuggu þau á Grundarstíg, í húsi sem löngu er

orðið sögufrægt, ekki síst vegna þeirrar arfleifðar sem Ríkarður skildi eftir í húsinu og ennfremur Ásta málarí. Ríkarður byggði síðar vinnustofu, atelier, við húsið. Jón Trausti rithöfundur bjó einnig í húsinu til dánardags. Parna sleit Ólöf barnsskónum og rúmlega það. Hún varð snemma róttæk í skoðunum og komst að raun um að pólitík getur verið harkaleg. „Þegar Jónas frá Hríflu sat fyrir hjá þabba og sat við gluggann komu Verslunarskólanemar að húsinu og heimtuðu að Jónas yrði framseldur til þeirra. Jónas lét eins og hann heyrði ekki í þeim og þeir gáfust á endanum upp.“

Ég lét Jónas reyndar aldrei vita að ég væri sósíalisti en ég var hjá honum í Samvinnuskólanum. Ég held að pólitíkin hafi verið meðfædd okkur systkinunum. Við vorum alin upp í anda jafnaðar og réttlætis. Már bróðir minn var einn af stofnendum Kommúnistaflokksins og hafði áhrif á skoðanir mínar. Ég minnst 1. maí hátíðarhaldanna langt aftur í tímann, sé fyrir mér merkið, hamarinn og sigðina.“


### Erfið ár

Tímabundið heilsuleysi Ríkarðs var mikil þolraun fyrir fjölskylduna, þá kynntust þau samhjálp og samhygð. Árið 1930 veiktist Ríkarður af hettusótt og var frá vinnu í þrjú ár vegna þess að hann ofbauð

sér með vinnu í kjölfar veikindanna. „Á þessum tíma voru engar tryggingar og engar bætur. Mamma vann ekki úti, enda stórt heimili, en fjölskylda okkar og góðir vinir, meðal annarra Jónas frá Hríflu, hjálpuðu okkur. Georg bróðir þabba var með kúabú í Skerjafirðinum og gaf okkur alltaf mjólk. Þabbi varð aldrei jafngóður eftir þessi veikindi og átti erfitt með að standa lengi við vinnu.“

### Vann alltaf á fjórðu hæð og salíbuna niður handriðið

Ólöf vann alltaf fulla vinnu starfsævina á enda og annríkið virðist nú síst minna. Hún gekk í Samvinnuskólann við Sölvhólgötu, sem var mun lengra frá heimili hennar en Verslunarskólinn sem var við sömu götu og heimili hennar. Aldrei kom til greina fyrir svo róttæka stúlku sem Ólöf var að fara í hann. Framan af ævi vann hún hjá KRON, alls í 25 ár, en árið 1967 kom hún til starfa hjá Sjálfsbjörg og var meðal annars félagsmálafulltrúi landsambandsins. Hún lét það ekki hindra sig þótt hún þyrfti í tvígang, samanlagt um 27 ára skeið, að sætta sig við að fara daglega upp og niður stiga á fjórðu hæð, fyrst í Samvinnuskólanum við Sölvhólgötu og síðan hjá KRON á Skólavörðustíg. Í hvorugu húsinu var lyfta. Ólöf dó ekki ráðalaus: „Mágkona mín Þórey Bjarna-



*Tvíburasysturnar Ólöf og Ásdís á heimili þeirra í Grafarvoginum þar sem listmunir eftir föður þeirra Ríkarð Jónsson eru áberandi.*

dóttir bjó í sama húsi og ég þegar ég vann hjá KRON og ég var samferða henni á morgnana. Hún studdi mig upp alla stigana. Handriðið var upp á vinstri höndina, sem var verri fyrir mig. Á kvöldin var þetta minna mál. Ég renndi mér yfirleitt niður handriðið með aðstoð starfssystra og fékk meira að segja einu sinni blöðru í lófann vegna þess að ég hafði farið aðeins of geyst.“

## Skrifstofan eins og félagsmiðstöð

Ólöf hafði starfað með Sjálfsbjörg í hartnær áratug þegar hún kom til starfa á skrifstofunni. Hún á góðar minningar frá félagsheimili Sjálfsbjargar í Reykjavík að Marargötu.

„Sigurður Guðmundsson ljósmyndari var þá formaður og mjög virkur. Á Marargötunni var unnið fyrir basara og almennt mikið félagslíf. Margir eftirminnilegir einstaklingar komu þangað.

Svo var ég beðin um að fara að vinna fyrir landssambandið. Það vantaði einhvern á skrifstofuna með Trausta, sem þá var framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar.

Skrifstofa Sjálfsbjargar var öllum opin og þangað komu allir. Hún var miðdepill starfsins. Meðan við vorum til húsa á Laugavegi var skrifstofan fyllt af hjólastólum sem Sjálfsbjörg flutti inn þar til Hjálpartækjabankinn tók við því hlutverki.

Meðan á byggingaframkvæmdum við Hátún 12 stóð var mikill erill á skrifstofunni eins og vænta mátti. Theodór var formaður og þarna vann einnig Elín Ólafsdóttir sem gjaldkeri og síðar var ráðin símastúlka sem gat einnig séð um vélritun. Við fengum fjárveitingar frá ríki og bæ. Svo var sérstök sundlaugarsöfnun sem María Skagan kom af stað. Hún bjó ævina á enda í Sjálfsbjargarhúsinu. Samfélagið var svo illa aðgengilegt að mikil samstaða myndaðist og sem betur fór heyrðum við engar úrtöluraddir, það var enginn sem sagði: Þetta er ekki hægt.“

## Með kúplinguna í stýrinu

Ólöf eignaðist snemma eigin bíl. Fyrsti bíllinn hennar var beinskiptur með kúplingu uppi í stýri, en bíllinn var sniðinn að hennar þörfum með því að leggja leiðslu þangað og var það gert hér heima á Íslandi. Hún átti Chevrolet-bifreiðar frá 1948-1960 en frá þeim tíma hefur hún eingöngu átt þýska bíla. Hún fékk einn af fyrstu sjálfskiptu bílunum sem komu til



*Heimilskötturinn Ljúfa er lífsreynður köttur sem fluttist til þeirra systra fyrir einu ári. Hann er ekki hrifinn af ókunnugum og átti ljósmyndarinn fullt í fangi með að ná mynd af honum.*

landsins árið 1955 og það var mikil breyting til hins betra. Til þess að geta átt góða bíla þurfti Ólöf að leggja talsvert fyrir áður en hún fékk fyrsta bílinn, því bílastyrkirnir sem hún átti rétt á dugðu hvergi nærri fyrir útgjöldunum. Á tímabili voru styrkirnir veittir á þriggja ára fresti en síðar var aftur farið að veita þá sjaldnar, eða á fimm ára fresti. „Hætt er að veita styrkina eftir 75 ára aldur, þannig að það þarf að fara vel með bílana eftir það. Það er mjög einstaklingsbundið hve lengi hver og einn heldur áfram að keyra bíl, þannig að þetta eru auðvitað mjög furðulegt ákvæði.“

## Ágústnaetur í júní

Sumarferðir Sjálfsbjargar voru oft eftirminnlegar. Hópar Sjálfsbjargarfélaga úr flestum félögum landsins hittust einhvers staðar miðsvæðis og ferðudust saman eina drjúga helgi á hverju sumri. Fyrsta ferðin var farin í ágúst og fékk nafnið „Ágústnaetur“. Það nafn festist við allar ferðir, hvort sem þær voru farnar í ágúst, júlí eða jafnvel í júní. Ólöf fór í margar þessara ferða og á góðar minningar úr þeim. „Við ferðalok var alltaf sungið fullum hálsi sama vísan:

*Við hér enda verðum grín  
vegir skilja að sinni  
haltu á vinur heim til þín  
hjartans kveðju minni.*

## Ótrúlegur munur á því að vera illa gangandi eða í hjólastól

Viðhorf til fötlunar og einkum til fatlaðs fólks hafa breyst en ef til vill hægar en ætla mátti. „Það var og er enn ótrúlegur munur á því að vera illa gangandi eða í hjólastól. „Meiri hluta ævinnar gekk ég við tvo stafi og fann því vel muninn eftir

að ég fór að nota hjólastól. Fólk leyfir sér svo miklu meira gagnvart hjólastólanotendum. Enginn skipti sér að mér meðan ég gekk, en eftir að ég brotnaði við það að biluð lyftuhurð lenti á mér, varð ég allt í einu fyrir því að ókunnugt fólk fór að ávarpa mig. Mér er minnisstæð ein kona sem spurði mig hvort ég byggi í Sjálfsbjargarhúsinu og þegar ég sagði henni að ég ynni þar en byggi úti í bæ sagði hún: „Sko þig!“ Það var talað við mig eins og barn, þótt ekkert hefði breyst annað en ég var komin í stólinn. Þarna ræður bæði þekkingarleysi og hræðsla. Þetta viðmót hefur þó breyst á síðari árum, nú þegar fleiri eru á ferð í hjólastólum.“

## Bylting í ferlimálum – samt ekki eitt samfélag fyrir alla

Ólöf hefur alla tíð látið ferlimál sérstaklega til sín taka. Aðalbreytingin að hennar mati var þegar aðgengi fyrir alla komst í lög og reglugerð um byggingarumhverfi. Ólöf neitar því ekki að sú staðreynd að Már bróðir hennar var arkitekt hafi vakið áhuga hennar á hlutverki arkitekta í því að bæta aðstöðu fatlaðra, svo og þeirra reglna sem þeim ber að vinna eftir. Ólöf átti hlut að þeim breytingum sem gerðar voru til batnaðar um 1970 og þær eru henni kærar. Einnig útgáfu bókarinnar „Aðgengi fyrir alla“ sem kom út árið 1999. „Ég veit ekki hvernig þessi mál væru stödd ef ekki hefðu verið til samtök á borð við Sjálfsbjörg. Breytingar hafa orðið gífurlegar og skilningur fólks aukist. Ferðaþjónusta fatlaðra er makalaust góð hér í Reykjavík og hefur gjörbreytt aðstöðu fatlaðra til þátttöku í samfélaginu. Fjöldi fólks fer á degi hverjum allra sinna ferða í og úr vinnu og getur sinnt hugðarefnum sínum með aðstoð ferðaþjónustunnar.

Hvað varðar framtíð Sjálfsbjargar vil ég gjarnan sjá hlúð að félagslega þættinum, að lifandi Sjálfsbjargarfélög séu við lýði sem víðast um landið. Samtök Sjálfsbjargar eru mikilvæg hagsmunasamtök fatlaðra. Slík samtök verða aldrei óþörf.“

Mál er að kveðja Ólöfu. Auk heimilis-kattarins, Ljúfu, hefur nú kvatt dyra persneskur köttur úr nágrenninu, sem mætir daglega í mat. Hann gengur undir nafninu Lubbi á þessu heimili og hefur augljóslega komist að sömu niðurstöðu og Ljúfa, að þarna sé gott að vera. Þau hafa rétt fyrir sér.

*Texti: Anna Ólafsdóttir Björnsson.*



## – Takk fyrir veittan stuðning –

Höldur - Bílaleiga Akureyrar, Tryggvabraut 12  
Raftákn ehf, Glerárgötu 34

Haukur og Bessi tannlæknar,  
Ísgát ehf, Lónsbakka  
ÁK smíði ehf, Hjallatröð 7  
Hlíðarskóli, Varpholti

Félagsbúið Hallgilsstöðum, Hallgilsstöðum  
Eggjabúið Gerði ehf, Þórmörk  
Svalbarðsstrandarhreppur, Ráðhúsinu  
Baugsbót sf, bifreiðaverkstæði, Frostagötu 1b  
Kvenfélagið Baldursbrá stofnað 1919,  
Endurhæfingarstöðin Sjálfsbjörg Akureyri, Bugðusiðu 1  
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b  
Bifreiðaverkstæði Bjarnhédins ehf, Fjölnisgötu 2a  
Blikkrás ehf, Óseyri 16  
Miðstöð ehf, Draupnisgötu 3g

### GRENIVÍK ▼

Stuðlaberg útgerð ehf, Ægissíðu 11  
Grýtubakkahreppur, Gamla skólahúsinu

### GRÍMSEY ▼

Sæbjörg ehf, Öldutúni 3

### ÓLAFSÞÓRÐUR ▼

www.brimnes.is, Múlavegur 3  
Sjómannafélag Ólafsfjarðar, Brekkugötu 9

### HÚSAVÍK ▼

Lindi ehf, Ketilsbraut 13  
Bílaleiga Húsavíkur ehf, Garðarsbraut 66  
Hóll ehf, Höfða 11  
AS - verk ehf, Ketilbraut 5  
Bókasafnið á Húsavík,  
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf, Hrírateigi 5

### LAUGAR ▼

Norðurpóll ehf, Laugabrekku Reykjadal

### ÞÓRSHÖFN ▼

Haki ehf, Langanesvegi 29

### VOPNAFJÖRÐUR ▼

Jónsver ses, Hamrahlíð 15  
Bílar og vélar ehf, Hafnarbyggð 14a  
Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

### EGILSSTAÐIR ▼

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf, Einhleypingí 1  
Fjótisdalshérað, Lyngási 12  
Verkfræðistofa Austurlands ehf, Kaupvangi 5  
Ökuskóli Austurlands sf, Háafelli 4a

### SEYÐISFJÖRÐUR ▼

Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44  
Gullberg hf, útgerð, Langatanga 5

### BORGARFJÖRÐUR EYSTRÍ ▼

Fiskverkun Kalla Sveins ehf, Vörðubrún

### REYÐARFJÖRÐUR ▼

Á.S. bókhald ehf, Austurvegi 20  
Pvottabjörn ehf, Búðareyri 25

### ESKIFJÖRÐUR ▼

Fiskimið ehf, Strandgötu 39

### NESKAUPSTAÐUR ▼

Samvinnufélag útgerðamanna, Neskaupstað,  
Hafnarbraut 6  
Síldarvinnslan hf, útgerð, Hafnarbraut 6  
Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf, Hafnarbraut 10

### FÁSKRÚDSFJÖRÐUR ▼

Loðnuvinnslan hf, Skólavegi 59

### HÖFN Í HORNAFIRÐI ▼

Skinney - Þinganes hf, Krossey  
Prastarhóll ehf, Kirkjubraut 10  
Bókhaldsstofan ehf, Krosseyjarvegi 17  
Sveitafélagið Hornafjörður, Hafnarbraut 27  
Herborg SF-69,  
Mikael ehf, Norðurbraut 7  
Sigurður Ólafsson ehf, Hlíðartúni 21

### SELFOSS ▼

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Gagnheiði 35  
Verkfræðistofa Guðjóns, Austurvegi 44  
Pípulagnir Helga ehf, Baugstjörn 17  
Byggingarfélagið Árborg ehf, Bankavegi 5  
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf, Hrísmýri 3  
Fossvélar ehf, Hellismýri 7  
Bes ehf, Gagnheiði 1  
AB-skálinn ehf, Gagnheiði 11  
Veitingastaðurinn Menam, Eyrauvegi 8  
Icecool á Íslandi ehf, Gagnheiði 51  
Búnaðarfélag Grafningshrepps, Villingavatni  
Jeppasmíðjan ehf, Ljónsstöðum  
Bisk-verk ehf, Bjarkarbraut 3, Reykholt  
Stokkar og steinar sf, Árbæ 1  
Grímsneshreppur og Grafningshreppur,  
Stjórnsýsluhúsinu Borg  
Flóahreppur, Þingborg  
Sólheimar í Grímsnesi,

Básinn, veitingastaður ehf, Efstalandi  
Framsóknarfélag Árnessýslu, Heiði

### HVERAGERÐI ▼

Hveragerðisprestakall, Bröttuhlíð 5  
Garðyrkjustöð Ingibjargar, Heiðmörk 38  
Eldhestar ehf, Völlum  
Litla kaffistofan, Svinahrauni

### ÞORLÁKSHÖFN ▼

Fagus ehf, Unubakka 18-20  
Járnkarlinn ehf, Hafnarkeiði 28

### FLÚÐIR ▼

Hrunaprestakall, Hruna

### HELLA ▼

Sólfugl ehf, Heiðvangi 6

### HVOLSVÖLLUR ▼

Krappi ehf, byggingaverktakar, Ormsvöllum 5  
Bu.is ehf, Bakkakoti 1

### VÍK ▼

B.V.T. ehf, Austurvegi 15  
RafSuð ehf, Suðurvíkurvegi 6  
Mýrdalshreppur, Austurvegi 17  
Víkurprjón ehf, Austurvegi 20

### KIRKJUBÆJARKLAUSTUR ▼

Búval ehf - Kirkjubæjarklaustur, lðjuvöllum 3

### VESTMANNAEYJAR ▼

Vélaverkstæðið Þór ehf, Norðursundi 9  
Frár ehf, Hásteinsvegi 49  
Volare ehf, Vesturvegi 10  
Huginn ehf, Hrauntúni 48  
Ísfélag Vestmannaeyja hf, Strandvegi 28  
Vöruval ehf, Vesturvegi 18  
Vestmannaeyjabær, Ráðhúsinu  
Vinnslustöðin hf, Hafnargötu 2  
Teiknistofa Páls Zóphóniassonar ehf, Kirkjuvegi 23

## Óskum Sjálfsbjörg til hamingju með 50 ára afmælið



# Samvinnuverkefni um ferðaðþjónustu fatlaðra í höfuðborgum Norðurlandanna

Þann 8. desember síðastliðinn tók gildi tilraunaverkefni til tveggja ára milli Reykjavíkurborgar, Kaupmannahafnar, Osló og Stokkhólms sem felst í því að hreyfihamlaðir íbúar borganna geta nú nýtt sér ferðaðþjónustu fatlaðra í þessum borgum. Helsinki er ekki enn með í verkefninu.

Frumkvæði að verkefninu kemur frá samtökum hreyfihamlaðra á Norðurlöndunum, Nordisk Handikap Forbund (NHF), sem Sjálfsbjörg er aðili að. Norræna ráðherranefndin veitti styrk til verkefnisins sem unnið var að í samvinnu við fulltrúa frá höfuðborgum Norðurlandanna.

Félögin sem standa að verkefninu eru

**Dansk Handicap Forbund**

<http://dhf-net.dk/>

**Norges Handicap Forbund**

<http://www.nhf.no/>

**De Handikappedes Riksforbund**

<http://www.dhr.se/>

**Sjálfsbjörg**

<http://www.sjalfsbjorg.is/>

Ferðamöguleikar eru einn mikilvægsti þátturinn í að hreyfihamlaðir getir verið virkir þátttakendur í samfélaginu. Mikilvægt er að samgöngur á Norðurlöndunum séu aðgengilegar öllum. Eins og aðstæður hafa verið, hafa margir verið útilokaðir frá því að geta valið hvar og hvenær þeir ferðast innan Norðurlandanna. Hreyfihamlaðir geta ferðast milli landanna en það hefur verið vandkvæðum bundið að ferðast innan landanna, ekki síst þar sem ekki er til staðar samhæfð ferðaðþjónusta fyrir hreyfihamlaða.

Mörgu er ábótavant, svo að almenningsamgöngur á Norðurlöndunum séu aðgengilegar hreyfihömluðum. Ekki er nóg að farartækin séu aðgengileg, heldur þarf umhverfið einnig að vera það, s.s.



Þorbera Fjölisdóttir.

gott aðgengi að stoppistöðvum strætisvagna. Hin síðari ár hefur margt verið gert til að bæta aðgengi en þó vantar enn mikið upp á að hreyfihamlaðir hafi ferðamöguleika sem gerir þeim kleift að taka þátt í þjóðfélaginu til jafns við aðra.

NHF telur því enn þörf fyrir skipulagða ferðaðþjónustu fyrir fatlaða. Það mun reyndar alltaf vera þörf fyrir slíka þjónustu fyrir ákveðinn hóp hreyfihamlaðra, sama hve miklar umbætur verða í aðgengismálum. Það er því mikilvægt að tryggja ferðaðþjónustu fatlaðra.

Norðurlöndin hafa hvert um sig mismunandi skipulag á ferðaðþjónustu fatlaðra en NHF er á þeirri skoðun að það ætti að vera hægt að búa til norrænt kerfi, ef vilji er fyrir hendi.

Hreyfihamlaðir Reykvíkingar sem dvelja í Kaupmannahöfn, Osló eða Stokkhólmi í lengri eða skemmri tíma, geta nú pantað ferðaðþjónustu fatlaðra á sama hátt og notendur ferðaðþjónustunnar sem búsettur eru í borgunum. Eins geta íbúar hinna borganna, sem á þurfa að halda, pantað ferðaðþjónustu fatlaðra í Reykjavík. Það gilda sömu reglur varðandi ferðaðþjónustuna fyrir þá sem ferðast og heimamenn á hverjum stað.

Hægt er að fá ferðaðþjónustu fatlaðra til

og frá flugvöllum í hinum borgunum en sú þjónusta er ekki í boði hérlendis, þar sem millilandaflugvöllurinn er utan þjónustusvæðis Ferðaðþjónustu fatlaðra í Reykjavík. Skilyrði fyrir þjónustunni er að fólk þurfi á hjólastól að halda á ferðum sínum, og geti því ekki nýtt sér almenningsamgöngur á staðnum. Skiptir þá ekki máli hvort fólk noti ávallt hjólastól eða noti hann einungis á ferðalögum.

Verkefnið nýtist bæði þeim hreyfihömluðu einsaklingum sem er notendur Ferðaðþjónustu fatlaðra og þeim sem eiga sérútbúinn bíl vegna fötlunar.

Til að byrja með eru það einungis höfuðborgir landanna sem taka þátt í verkefninu. Strangt til tekið nær það því einungis til hreyfihamlaðra Reykvíkinga. Ekki er þó útlokað fyrir aðra að nýta sér það ef viðkomandi bæjar- eða sveitarfélag samþykkir að greiða kostnaðinn.

Stefnt er að því að fleiri borgir og bæjarfélög á Norðurlöndunum verði þátttakendur í verkefninu. Langtímamarkmið er auðvitað að hreyfihamlaðir geti nýtt sér ferðaðþjónustu fyrir fatlaða hvar sem er í Evrópu.

Þeim sem hyggjast nýta sér verkefnið er bent á Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar, sem veita nánari upplýsingar. Þar er tekið á móti umsóknum og séð um að senda upplýsingar um þá sem fá þjónustuna samþykkt til viðkomandi borgar því þá þarf að sækja um með nokkrum fyrirvara.

Sjálfsbjörg lýsir ánægju sinni með verkefnið sem áfanga og mikilvægum lið í því að draga úr mismunum á grundvelli fötlunar vegna aðgengis að þeirri opinberu þjónustu sem almenningsamgöngur eru og ferðaðþjónusta fatlaðra er hluti af.

*Þorbera Fjölisdóttir, fulltrúi Sjálfsbjargar í Ferðaðþjónustunefnd NHF*



## Kínaferð Hildar Jónsdóttur

# Spennandi og skemmtileg upplifun í ólíku menningarumhverfi

Hildur Jónsdóttir er Sjálfsbjargarfélögum að góðu kunn. Hún var einn af stofnendum Sjálfsbjargar í Vestmannaeyjum fyrir fimmtíu árum og var formaður félagsins í tólf ár. Hildur flutti til Reykjavíkur eftir að hún missti eiginmann sinn Daníel Willard Fiske Traustason árið 1981 og hefur setið í stjórnnum og nefndum á vegum landssamtakanna og Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu í mörg ár og komið nálægt ýmsum málum sem hafa verið ofarlega á baugi. Hildur hefur alla tíð verið mikil ferðamanneskja og hún og sambýlismaður hennar Frimann Gunnlaugsson, sem lengi var framkvæmdastjóri Golfsambands Íslands, fóru meðal annars átta sinnum til Tælands, meðan hann var á lífi, en hann lést árið 2002. Síðastliðið sumar fór Hildur í ferðalag til Kína sem var mikil upplifun og deilir hún með okkur ferðasögunni.



Hildur Jónsdóttir gekk með aðstoð Bing upp á Kínamúrinn þar sem þessi mynd er tekin.

„Kína var ekkert á dagskrá hjá mér sem ferðaland, en sonur minn Jón Haukur Daníelsson rekur ferðskrifstofu sem heitir Ferð.is og hann hringdi í mig með mánadarfyrirvara fyrir tæpu ári og spurði hvort ég væri til í að koma í ferð til Kína, nánar tiltekið til Peking. Fyrirspurnin kom mér kannski aðeins á óvart, en ég er alltaf til í ferðalög og sagði já án þess að hugsa mig um. Ég á erfitt með gang en í minni lífsbók er ekki til að ég geti ekki farið í spennandi ferðalag og kom ekki annað til greina en að fara í ferðina.“

### Kennaraferð

Peking eða Beijing eins og hún er yfirleitt nefnd á erlendum tungumálum er höfuðborg Kína. Á kínversku merkir nafnið Norður-höfuðborg. Peking er næstfjölmennasta borg landsins, næst á

eftir Sjanghai. Peking er miðpunktur mennta og menningar auk þess sem stjórnvöld stýra landinu þaðan. Sjanghai og Hong Kong eru hins vegar meira áberandi hvað varðar efnahagsleg umsvif. Peking er m.a. kunn fyrir ríkulegar hallir, hof og gríðarstóra steinveggi og hlið. Listasöfn borgarinnar og háskólar hennar gera hana að menningarmiðstöð landsins. Í Peking er að finna áhugaverða staði á heimsmælikvarða eins og Forboðnu borgina og Kínamúrinn. Þar eru einnig góðar og ódýrar ferðamannaverslanir eins og Silkimarkaðurinn og Perlumarkaðurinn þar sem maður getur prúttað um verð að vild og gert góð kaup. Fjöldi veitingastaða fyrir sælkera og iðandi mannlíf allan sólarhringinn. Öllu þessu kynntist Hildur í ferð sinni sem stóð í tólf daga.

„Ferðin var fyrst og fremst skipulögð

fyrir hóp af kennurum sem kenna í framhaldsskólum og þeir voru með maka sína með. Í heild var sá hópur rúmlega fjörutíu manns. Ég fékk að fljóta með. Í fyrstu hélt ég að það gætu orðið einhver vandræði með hjólastól fyrir mig og hafði gert ráðstafanir til að fá hjólastól lánaðan til að hafa með mér.

Ég hringdi einnig í vinkonu mína og spurði hvort hún væri ekki til í að fara, hún þvertók fyrir það, en hringir svo í mig daginn eftir og vildi þá koma með en þá var ég búin að segja syni mínum að hún kæmi ekki, en hann gat bjargað því. Því miður datt vinkona mín samt út úr ferðinni af persónulegum ástæðum tveimur dögum áður en lagt var af stað, en það skipti mig engu máli ég var ákveðin í að fara. Hvað varðar hjólastólinn þá tók sonur minn það ekki í mál að ég tæki hjólastól með mér.

Ferðin væri alltof löng til þess og sagðist hann vera búinn að gera ráðstafanir til að ég fengi hjólastól í Kína og einnig á þeim flugvöllum sem við hefðum viðkomu.“

### Kínverskur aðstoðarmaður

„Að fara til Kína er langt ferðalag og við vorum í flugvél í níu klukkutíma frá Kaupmannahöfn til Peking. Við flugum til Kaupmannahafnar að degi til og fórum þaðan um kvöldið. Fyrirfram hafði ég verið vörud við langri ferð sem gæti verið mjög þreytandi fyrir mig en ferðin var þannig uppstíllt að flogið var til Kína að nóttu til og hvað er betra en að sofa eftir að hafa fengið góðan mat og eitt glas af víni og vakna svo þegar komið er til Peking. Ekki mjög þreytandi slíkur ferðamáti.

Þegar við lentum í Peking beið mín hjólastóll og sérstakur aðstoðarmaður minn sem var með mér alla ferðina. Við vorum allan tímann staðsett í Peking á góðu hóteli og fórum í dagsferðir þaðan. Peking er stór og mikil borg með mikla sögu og minjar sem endalaust er hægt að skoða og í raun ótrúleg borg sem státar af mikilli menningu sem er ólík okkar eigin.

Dagskráin var fyrirfram vel skipulögð og stóðst í alla staði. Hvað varðar hjólastólinn þá var hann ekkert vandamál eftir að ég hafði ákveðið að kaupa mér aðstoðarmann, keypti mér sem sagt einn Kínverja. Ég mundi aldrei hvað hann hét fullu nafni þó hann hafi látið mig hafa nafnspjald í upphafi ferðarinnar, en ég kallaði hann alltaf Bing sem hann var alveg sáttur við. Bing beið mín sem sagt þegar ég kom og var tilbúinn með hjóla-



Hildur ásamt finnsku vinkonu sinni Ann hjá steinskípi keisarans í landi sumarhallarinnar.

stólinn sem hann sá um í allri ferðinni, kom mér úr honum þegar það þurfti og í hann aftur. Dásamlegur maður sem var alltaf mættur á undan öllum öðrum með hjólastólinn þegar farið var í ferðir og var eins og hugur manns og ótrúlega vel skipulagður. Þegar rútan stoppaði var hann alltaf fyrstur út út rútnni og hjólastóllinn tilbúinn þegar ég kom út. Bing var ákveðinn í að koma mér alltaf áfram og á bestu staðina. Ég var stundum hálf-feimin þegar hann var að ýta mér fram fyrir aðra og lét hann enga flækjast fyrir okkur og var ótrúlegur í alla staði. Svo vissi hann mjög mikið um staðina sem við fórum á og var alltaf með á hreinu allar hjáleidir, en mikið er af tröppum og þrepum í margar byggingar sem voru heimsóttar en Bing vissi alltaf af einhverri

hjáleið og hefði ferðin verið allt öðruvísi og erfiðari fyrir mig hefði hann ekki verið til staðar.“

### Merkilegir staðir heimsóttir

Að sögn Hildar var dagskrá ferðarinnar fjölbreytt og allt það merkasta skoðað.

Meðal annars heimsótti hópurinn Torg hins himneska friðar og grafhýsi Maos, þar sem byltingarforinginn liggur inn-smurður í glerkistu. Í gegnum torgið liggur breiðgatan Changan Boulevard, sem liggur að Keisaratorginu, Forboðnu Borginni. Í annari ferð var Sumarhöllin skoðuð en hún er meira en þúsund ára gömul og í þriðju ferðinni var farið að Kínamúrnum og gengið þar um og síðan farið að Minggröfunum þar sem þrettán keisarar eru grafnir.

„Við fórum einnig á fræga staði í Peking, sem ekki voru á fyrirfram ákveðinni dagskrá, meðal annars í Pekingóperuna sem var mjög skemmtilegt og mikil upplifun. Er mjög sérstakt að horfa á óperu sem byggist mun meira á látbragðsleik heldur en maður á að venjast úr vestrænu leikhúsi. Eitt það merkilegasta við óperuferðina var að við gátum fylgst með þegar var verið að sminka leikarana fyrir sýningu sem er mikið og flókið verk og var sannarlega forvitnilegt að sjá.

Mér er minnstætt þegar Kínamúrin var skoðaður en hann er ekki langt frá Peking og ég lét mig hafa það að ganga upp á hann með aðstoð vinar míns, Bing, sem studdi mig. Þá er ógleymanleg ferðin í Sumarhöllina þar sem maður er umlukinn þúsund ára sögu og stórkostlegum listaverkum sem minna okkur á horfna tíma



Á morgungöngu rákust Hildur og ferðafélagar hennar á kínverskan hóp sem var við morgunæfingar og freistudust nokkrir til að taka þátt í æfingunum.





Hluti af ferðahópnum sem var með Hildi við Himneska musteríð með bláa þakinu þar sem keisarinn bað á vordögum son himinsins um góða uppskeru og andlegar leiðbeiningar.

og er ekki laust við að það fari um mann þegar hugsað er um hvað mikil saga er á bak við þessa höll og hvað margt sögulegt hefur gerst á þessum stað. Torg hins himneska friðar hafði einnig mikil áhrif á mig. Torgið er mjög stórt en það kom á óvart að túrismi þar var ekki eins mikill og ég hafði gert mér í hugarlund. Við höfðum nóg pláss til að athafna okkur á þessum stórkostlega stað. Hvað varðar dagsferðirnar í heild þá voru þær ekki erfðar fyrir mig, upplifunin og skemmtunin var það mikil að ég var aldrei of þreytt í lok ferðar þegar komið var heim á hótél.“

Auk þess sem Bing var mín stoð og stytta þá var ég svo heppin að í ferðinni var finnsk kona, Ann Winter, sem býr á Íslandi og var hún án ferðafélaga eins og ég, frá-bær kona í alla staði og við hölluðum okkur hvor að annarri þar sem ég gat ekki verið að einoka son minn, sem var farastjóri og hafði í mörgu að snúast. Við Ann náðum vel saman og hún var aldrei langt undan



Bing og Hildur hafa fundið leið á milli bílanna til að komast áfram.

þegar ég þurfti á aðstoða að halda. Þó að Bing hafi reynt mjög vel og var alltaf að reyna að gera mér lífið létt þá fór hann úr sinni vinnu þegar kvöldi tók og þá var gott að eiga Ann að. Þegar við vorum saman þá tók ég göngugrindina mína og við löbbuðum um borgina, fórum á markaðinn, í búðir og út að borða á hverju kvöldi, en ef eitthvað var þá fór ég nú yfirleitt fyrr að sofa heldur en ferðafélagarnir sem skemmtu sér stundum vel á kvöldin. Ég var með góða bók með mér svo það var ekki málið að fara snemma í bólið.“

### Gott fólk og góður matur

En skyldi eitthvað hafa komið Hildi sérstaklega á óvart í Kínaferðinni: „Fyrir utan að uppgötva menningu og skoða mannvirki sem eru einstök þá er er það kannski helst hvað Kínverjar eru ljúft og gott fólk. Ég hef alltaf haldið því fram að Tælendingar væru bestir af öllum, en Kínverjar eru ekki síðri, enda ákafalega ljúfir og góðir í samskiptum. Mér er minnstætt að við fórum

í fátækrahverfið í Peking og skoðuðum okkur þar um og þar sem annars staðar mætti okkur ekkert nema vinsemd og jákvæðni. Ástæðan fyrir því að ég fór þangað var að kennararnir voru tvo daga á námskeiði í skólum, og þá vorum við sem vorum aukreitís og makar að gera ýmislegt sem ekki var á dagskrá, meðal annars að heimsækja fátækrahverfið og skoða markaði og margt fleira. Einnig er mér minnisstætt hvað mér þótti maturinn góður, ég hef alltaf verið hrifin af austurlenskum mat og gæðin voru mikil á þeim stöðum sem við borðuðum. Eitt kvöldið borðuðum við að sjálfsögðu Pekingönd. Öndin var borin á bord fyrir okkur í heilu lagi en svo kom kokkurinn og skar hana fyrir okkur á diskinn, frábær matur.

Þá er vert að minnast á háskólasjúkrahúsið sem við heimsóttum, en þar voru eingöngu stundaðar kínverskar lækningar. Þar tók á móti okkur yfirlæknir sem hélt fyrir okkur fyrirlestur um sjúkrahúsið og kínverskar lækningar, sem eru oftast fyrirbyggjandi meðferðir. Meðan á fyrirlesturinum stóð bauð hann okkur upp á fótanudd og vísaði inn í sal með um 50 sætum. Við hvert sæti var tréballi með volgu vatni og einhverjum heilsuvökva í, því næst komu inn 45 nuddarar og gáfu okkur fótanudd. Þetta var alveg ótrúlegt en ekki var allt búið því nú bauð læknirinn okkur að láta lækni líta á okkur „sem við þáðum. Þá komu inn sex læknar með hver sinn túlk. Rannsóknin fólst í því að þeir skoðuðu tungu og tóku púls, sjúkdómsgreiningarnar pössuðu í flestum tilfellum og fékk fólk lyfseðil og síðan lyf ef það vildi. Fólk fór út létt í bragði og afslappað og með léttari buddu.

Pegar við vorum í þessum frjálsu ferðum kom best í ljós hversu Bing hugsaði vel um mig. Hann benti mér á snyrtingu ef ég þyrfti á því að halda og var alltaf með vatnsflösku tilbúna og má segja að samferðarmenn mínir hafi verið alveg dolfallnir yfir þessum manni sem hugsaði svona vel um mig.“

### Eftirminnileg ferð

Hildur er búin að fara víða en segir að Kínaferðin sé toppurinn: „Ég hef ferðast mjög mikið og komið til margra landa og fór meðal annars eftirminnilega ferð til Rússlands sem ég gleymi ekki, en Kínaferðin er toppurinn á öllum mínum ferðum.

Það var svo margt og mikið að sjá. Við vorum í Peking stuttu áður en Ólympíu-



Hildur réði sér sérstakan aðstoðarmann sem hún kallaði Bing og var hann mjög úrræðagóður og ákveðinn og hefði ferðin verið erfiðari hefði hann ekki verið til staðar.



Jón Haukur Daníelsson, sonur Hildar var fararstjóri í ferðinni.

leikarnir hófust og var mikið um framkvæmdir og allt gert til að gera borgina sem fallegasta, blóm og skreytingar úti um allt. Við skoðuðum Ólympíubygg- ingarnar úr hæfilegri fjarlægð og vöktu þær athygli mína fyrir það hversu vel hafði tekist til með hönnun.




Pegar ég lít til baka þá fannst mér einna best við ferðina að ekki var verið að skipuleggja langar ferðir sem taka meira en dag. Ég veit um ferðir til Kína þar sem verið er að þvælast um í flugvélum og lestum langar leiðir, Kína er jú mjög stórt land með mörgum sögulegum borgum og

minjum sem vert er að skoða en fyrir mig hefði það verið allt of þreytandi að vera mikið á flækingi í stað þess að njóta þess sem Peking býður upp á.“

Hildur segist vel geta hugsað sér að fara aftur til Kína væri slík ferð í boði. En það séu einnig margir aðrir staðir sem hana langi til að ferðast til: „Það er mun auðveldar fyrir okkur sem erum fötluð að ferðast í dag en áður. Mun meira tillit er tekið til okkar og allir tilbúnir að hjálpa okkur.“ Þegar viðtalið var tekið þá var Hildur að undirbúa þriggja vikna ferð til Tyrklands með góðri vinkonu sinni.



*Óskum Sjálfsbjörg til hamingju með  
50 ára afmælið*



Vinnuhópur um stofnun miðstöðvar fyrir notendastýrða persónulega aðstoð

# Fatlað fólk geti þróað líf sitt og lifað því í samræmi við eigin óskir

Vinnuhópur um Notendastýrða persónulega aðstoð eða NPA var skipaður fyrir tilstilli Landssamtaka Proskahjálpar og Sjálfsbjargar í lok árs 2008. Í honum sátja Freyja Haraldsdóttir, Gerður A. Árnadóttir, Gunnhildur Gísladóttir, Hallgrímur Eymundsson, Ragnar Gunnar Þórhallsson og Theodór Karlsson. Hlutverk hópsins var að vinna að stofnun miðstöðvar sem starfrækir þjónustu (notendastýrða persónulega aðstoð eða NPA) sem byggir á hugmyndafræði um Sjálfstætt líf.

Hópurinn hefur viðað að sér þekkingu um hugmyndafræðina, auk þess sem hann hefur lagt grunn að stefnumótun miðstöðvarinnar og er að leggja lokahönd á stofnskrá hennar. Til að kynna þessa tegund þjónustu fyrir notendum og aðstandendum þeirra telur hópurinn mikilvægt að útbúa kynningarefni og hefur Freyja Haraldsdóttir hlotið Nýsköpunarstyrk frá Rannsóknarmiðstöð Íslands ásamt styrk frá Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra og MND félaginu til að gera eiginlega rannsókn á stöðu NPA á Íslandi og afla upplýsinga erlendis frá sem hún mun, undir leiðsögn Rannveigar Traustadóttur prófessors í fötlunarfræðum við HÍ, setja saman í handbók um sjálfstætt líf og notendastýrða persónulega aðstoð.

Í þeirri stefnumótun sem hefur verið sett fram en er enn í mótun kemur fram að markmið miðstöðvarinnar er að veita þjónustu sem miðar að því að fatlað fólk geti þróað líf sitt og lifað því í samræmi við eigin óskir. Þannig stýrir notandinn sínu eigin lífi og þeirri aðstoð sem hann þarf. Grunnur þjónustunnar er valdefling og valdatilfærsla yfir til notandans sem sjálfur tekur ákvarðanir um fyrirkomulag eigin þjónustu. Hún felur í sér aukið frelsi og sjálfstæði einstaklingsins og gefur notanda þjónustunnar tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu. Slík þjónusta eykur jafnræði og jafnrétti og eykur lífsgæði notandans. Slík þjónusta hentar fólki óháð skerðingu en gengið er út frá því að þeir sem þurfa aðstoð við að stýra þjónustunni gefist kostur á því.

Handbókin sem skrifuð verður í sumar mun fjalla um hugmyndafræði um sjálfstætt líf og NPA á hagnýtan hátt en lykilatriði er að hugmyndafræðin sé skýr og þekking sé til staðar á markmiði þjón-

ustunnar. Því þarf að byggja upp þekkingarbanka á íslensku sem verður hafður að leiðarljósi við uppbyggingu á þjónustu sem stuðlar að fullum mannréttindum fatlaðs fólks.

Á fundum vinnuhópsins hafa verið líflegar umræður um hvaða leiðir skulu farnar í uppbyggingu á þessu þjónustufyrirkomulagi og hvaða heiti skuli notað yfir þjónustuna. Niðurstaða okkar hefur verið að kalla þjónustuna Notendastýrða persónulega aðstoð. Það heiti teljum við endurspeglar vald notenda yfir þjónustu sinni og lífi og hve persónuleg og ein-

semina á laggirnar. Hugmyndin er að miðstöðin verði starfrækt án fjárhagslegs ágóðasjónarmiðs. Mikilvægt er, eins og komið hefur fram, að standa vörð um hugmyndafræðina og að nægilega mikil þekking sé til staðar til þess að þjónustan sé sannanlega veitt á réttum forsendum, þ.e. að hún sé alfarið skipulögð af fötluðu fólki og/eða talsmönnum þeirra. Slík þekking þarf að skapast meðal yfirvalda, sveitarfélaga, fagfólks og fatlaðs fólks.

Hópurinn telur að standa þurfi vörð um réttindi fatlaðs fólks í þeirri fjárhagskreppu sem nú steðjar að. Sá niðurskurður sem



Fjölmennt var á ráðstefnu um Notendastýrða þjónustu á Grand Hótel, Reykjavík í september í fyrra en hún bar yfirskriftina Að vita sjálfur hvar skórin kreppir.

staklingsbundin aðstoðin er. Þetta heiti samsvarar einnig heiti annarra Norðurlanda og annars staðar í heiminum. Hópurinn hefur fengið til sín breiðan hóp fólks á fundi, m.a. fræðafólk í fötlunarfræði og þroskaþjálfarafræði frá Háskóla Íslands, framkvæmdastjóra Proskahjálpar og lögfræðing. Innkoma þeirra hefur skipt sköpum og leitt hópinn áfram á réttri braut. Mynduð hafa verið tengsl við NPA miðstöðvar í Danmörku, Svíþjóð og Noregi og hafa ákveðnir meðlimir vinnuhópsins farið á ráðstefnur erlendis og hefur hópurinn notið góðs af þeirri mikilvægu þekkingu sem þar hefur myndast.

Til þess að NPA geti orðið að veruleika er mikilvægt að unnið verði að því að sett verði ákvæði í lög sem tryggja rétt og aðgengi fólks að þessari tegund þjónustu. Slíkt þarf að vinna í samvinnu við stjórnvöld og þá einna helst félags- og tryggingamálaráðuneytið en endurskoðun laga um málefni fatlaðra fer af stað fljótlega. Tryggja þarf fjárhagslega afkomu miðstöðvarinnar en ljóst er að íslensk stjórnvöld munu þurfa að leggja til stofnstyrk svo hægt verði að setja starf-

stjórnvöld standa fyrir nú má ekki skerða þá fáu möguleika sem nú eru til staðar heldur er nauðsynlegt að nýta þá nýju hugsun og tækifæri til að byggja upp notendastýrða, persónulega aðstoð. Sú hugmyndafræði þarf að flytjast með málaflöknum til sveitarfélaga og brýnt er að fatlað fólk sé í forsvari fyrir sjálft sig í þeirri stefnumótun og nýsköpun á þjónustu sem mun eiga sér stað í samfélaginu næstu árin. NPA er grundvallaratriði til að uppfylla markmiðsákvæði íslenskra laga um málefni fatlaðs fólks og ákvæði í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks til að lifa eðlilegu lífi.

Það er algjört lykilatriði að fatlað fólk standi saman á ferðalaginu að fullum mannréttindum og frelsi. Það fyrirkomulag sem nú er í boði af hálfu svæðisskrifstofa og sveitarfélaga er langt frá því að samræmast hugmyndafræði um sjálfstætt líf og vera í takt við þróun Norðurlanda og annarra þjóða. Fatlaðir eru bestu og hæfustu sérfræðingarnir í eigin lífi og eru þar með þeir einu sem geta fullkomlega hannað eigin þjónustu.



Múlalundur sem fagnar 50 ára afmæli á þessu ári er stærsta og elsta öryrkjavinnustofa landsins og brýnt að kreppan hafi ekki áhrif á starfsemina.

# Fatlaðir og kreppan

Fatlaðir ekki síður en aðrir eru í vörn gagnvart kreppunni sem nú gengur yfir heiminn og hafa ályktanir lítið dagsins ljós þar sem skorað er á ýmsa hagsmunaðila að hafa það að leiðarljósi að tryggja að fatlað fólk og fjölskyldur þeirra muni ekki gjalda fyrir hina alþjóðlegu fjármálakreppu með minnkandi innkomu, bótum, tækifærum til atvinnu eða niðurskurði styrkja til félagasamtaka fatlaðra.

Meðal annars skoruðu Evrópusamtök fatlaðra (EDF) á Evrópuráðið og aðrar evrópskar stofnanir í lok síðasta ár að tryggja afkomu fatlaðs fólks. Í ályktuninni segir: „Ástandið fyrir kreppu var ótryggt, því biðjum við um aukningu á útgjöldum til fjárfestingar í uppbyggingu á velferðarkerfinu, á bætur og ákvæði um skattaafslætti, svo að þessir hópar geti keypt vörur og þjónustu og með því bætt fjármálaástandið.“ Þá segir að niðurskurður og mikið atvinnuleysi muni búa til frjóan jarðveg fyrir ofbeldi, hatursglæpi, grafa undan samstöðu og framkalla hættuleg viðhorf til lýðræðis.

„Við skorum á þá sem bera ábyrgð á fjármálalegum ákvörðunum stjórnvalda að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að komið verði fram við fatlað og fátækt fólk af jafnrétti og að fjármálastaða þeirra sé tryggð í þeim aðgerðum sem settar verða af stað á þessum tímum. Núna er tími mikilla aðgerða svo að árinu 2010 – Ár gegn fátækt í Evrópu – verði fatlaðir og aðrir minnihlutahópar ekki aftur efst á dagskrá.“

The European Disability Forum (EDF) eru regnhlífassamtök í Evrópu sem hugsa

um velferð yfir 50 milljóna fatlaðra í Evrópu. Meðlimir í EDF geta verið regnhlífassamtök fatlaðra á landsvísi frá öllum löndum innan Evrópusambandsins/efnahagssvæðis þess auk svipaðra samtaka í Evrópu sem standa fyrir mismunandi fatlanir, samtök og einstaklingar sem eru skuldbundnir málefnum fatlaðra. Markmið EDF er að tryggja fötluðu fólki fullan aðgang að grundvallarrétti og mannréttindum með því að taka virkan þátt í mótun og framkvæmd stefnu í Evrópu.

## Atvinnumissir og tekjutap

Í lok maí var haldin árleg ráðstefna Workability Europe, evrópusamtaka þjónustufyrirtækja og vinnuveitenda fatlaðra einstaklinga. Þar var lýst yfir áhyggjum vegna áhrifa efnahagskreppunnar á atvinnuhorfur fatlaðra einstaklinga.

Á ráðstefnunni sem fram fór í Búkarest dagana 26.-29. maí síðastliðinn greindu meðlimir *Workability Europe* frá allt að 30% atvinnumissi sem og töluverðu tekjutapi. Sérstaklega er ástandið í iðnaði slæmt. Hugsanlegt er að afleiðingar kreppunnar verði til þess að spilla þeim framförum sem náðst hafa undanfarin ár, jafnvel áratugi, í atvinnumálum fatlaðra. Margir vinnuhópar störfuðu á ráðstefnunni að stefnumörkun til að vinna bug á erfiðleikum. Þátttakendur ályktuðu að viðfangsefnin sem framundan eru verði að skoða sem tækifæri til að byggja upp sterkari samtök og sjálfbærari viðskiptalíkon með því að endurskoða starfsemi, koma hugvitsömum úrlausnum í framkvæmd, örva samvinnu milli landa og

deila góðu verklagi milli meðlima. Þjóða stjórnvöldum samvinnu og sérþekkingu

Í ályktun í lok ráðstefnunnar voru ríkisstjórnir og Evrópustofnanir minntar á að félagskerfi koma einnig á félagslegu jafnvægi og á tímum óvissu í efnahagsmálum eykst mikilvægi þessara kerfa fyrir samfélagið og er viðeigandi stjórnvöldum boðin sérþekking samtakanna og samvinna við að finna lausnir og aðferðir til þess að taka á málefnum.

## Lærdómur kreppunnar

Hér á landi hefur verið bent á að fatlaðir megi ekki við tekjutapi, tekjur þeirra jukust lítið þó um tíma væri lítið á Ísland sem eina ríkustu þjóð í heiminum. Pólitískur vilji hefur verið lítill við að setja fjármagn í þjónustu við fatlaða og varla á hann eftir að aukast í kreppunni. Hvar sem borið er niður í málaflokkum fatlaðra blasir ósvissan við og hefur gert undanfarin ár. Það er því von að fatlaðir séu áhyggjufullir þegar alvarlegustu fjárhagserfiðleikar sem Íslendingar hafa upplifað skekur efnahagslífið svo hriktir í stöðum þjóðfélagsins. Fatlaðir geta því tekið undir þau orð í áskorun Evrópusamtaka fatlaðra þar sem segir: „Lærdómur kreppunnar – gildi þess að fjárfesta í fólki – er mun mikilvægari en áhættu fjárfestingar, það gagnast öllu samfélaginu og styrkir mótstöðu gegn kreppumyndun. Ef bilið milli fátækra og ríkra eykst, mun það kosta samfélagið mun meira til lengri tíma lítið.“

-HK



Fjölmennt var í afmælisboðinu á Siglufirði enda öllum bæjarbúum boðið að hlýða á ávörp og þiggja veitingar.

# Fimm Sjálfsbjargarfélag áttu fimmtíu ára afmæli í fyrra

Elstu Sjálfsbjargarfélagin áttu 50 ára afmæli í fyrra. Siglufirðingar riðu á vaðið í júní 1958 og stofnuðu Sjálfsbjörg – félag fatlaðra á Siglufirði. Þrjú þessara félaga Sjálfsbjörg á Siglufirði, Sjálfsbjörg á Akureyri og Sjálfsbjörg í Reykjavík héldu upp á afmælið með afmælishátíð en afmælisins á Suðurlandi var minnst og á Ísafirði þar sem starfið er í lágmarki um þessar mundir var afmælinu því miður ekki gerð nægilega góð skil. Að sögn formanns félagsins Stefáns Björgvins Guðmundssonar er faliðað í félaginu og nánast engin endurnýjun hefur orðið og erfitt að halda úti starfsemi af fullum krafti. Hér er aðeins minnst á hvernig félagin minntust merks áfanga og myndirnar sem eru hér á opnunni eru frá Siglufirði, Akureyri og Reykjavík og teknar á afmælishátíðum.

## Sjálfsbjörg á Siglufirði

Sjálfsbjörg á Siglufirði var stofnað 9. júní 1958, fyrst Sjálfsbjargarfélag. Valey Jónasdóttir var kosin formaður. Frumkvöðull að stofnun þess var Sigursveinn D. Kristinsson, þá skólastjóri Tónskólans á Siglufirði. Félagsmenn gerður sér fljótt ljóst að starfsemi svo fámenns hóps yrði alltaf erfiðleikum bundin, en erfiðleikarnir hafi þó ekki orðið nærri eins miklir og búist var við vegna góðs skilnings almennt á málefnum. Óx félaginu fljótt fiskur um hrygg. Fimmtíu ára afmæli félagsins var minnst með veglegri samkomu í Bíó-kaffi sunnudaginn 8. júní 2008, daginn



Hulda Steinsdóttir, sem er einn af stofendum Sjálfsbjargar á Siglufirði mætti í afmælisveisluna en hún starfaði í þrjátíu ár innan vébanda félagsins en flutti síðan til Reykjavíkur þar sem hún hélt áfram að starfa í Sjálfsbjörg.





Valey Jónasdóttir, fyrsti formaður Sjálfsbjargar á Siglufirði var gerð að heiðursfélagi. Hún er á myndinni ásamt Kolbrúnu Símonardóttur, núverandi formanni.

fyrir afmælisdaginn og var öllum bæjarbúum boðið. Flaggað var með Sjálfsbjargarfánanum um bæinn og fjölmenni mætt í samsætið. Formenn nokkurra Sjálfsbjargarfélaga mættu ásamt formanni og framkvæmdastjóra landsambandsins, fluttu ræður og færðu félaginu gjafir. Ýmsir stofnfélagar voru mættir og rifjuðu upp gamla tíma og Valey Jónasdóttir var gerð að heiðursfélagi. Góð stemming og gleði ríkti á þessum degi. Gestir litu við í húsi félagsins á Siglufirði þar sem unnið er metnaðarfull handverksíðja, svo sem keramik og glermunir. Núverandi formaður Sjálfsbjargar á Siglufirði er Kolbrún Símonardóttir.

### Sjálfsbjörg á Akureyri

Sjálfsbjörg á Akureyri var stofnað 8. október 1958 á Hótel KEA miðvikudaginn 8. október 1958. Fyrsti formaðurinn var Emil Andersen. Á fyrsta fundi stjórnar á liðnu ári var farið að huga að afmæli félagsins. Nefnd til að skilgreina hvað gera skyldi tók til starfa en formaður hennar var Jón Heiðar Jónsson og aðrir nefndarmenn Jakob Tryggvason og Valdimar Pétursson auk þess sem framkvæmdastjóri félagsins, Pétur Arnar Pétursson starfaði með nefndinni. Nefndin skilaði

sínum tillögum til stjórnar á miðjum vetri en þær voru eftirfarandi.

- Útgáfa afmælisrits eins og gert hafði verið í tilefni af 30 ára og 40 ára afmæli félagsins.
- Stofnun Hjálparsjóðs Sjálfsbjargar sem meðal annars hefði þann tilgang að styrkja fatlaða til náms.
- Haldið yrði kaffisamsæti þar sem að félagsmönnum og öðrum góðum gestum yrði boðið til þátttöku.

Skipuð var ritnefnd til að annast útgáfu blaðsins. Í henni sátu Jón Heiðar Jónsson formaður, Jón Hlökkver Áskelsson og Snæbjörn Þórðarson og var Haraldur Bjarnason fenginn til að skrifa texta og annast uppsetningu. Haldið var upp á afmæli félagsins með kaffisamsæti í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju laugardaginn 11. október. Um 150 manns komu í afmælikaffi. Félaginu bárust margar góðar óskir og gjafir af tilefni þessara tímamóta. Núverandi formaður félagsins er Herdís Ingvadóttir.

### Sjálfsbjörg, félag fatlaðra á höfðuðborgarsvæðinu

Sjálfsbjörg félag fatlaðra á höfðuðborgarsvæðinu var stofnað 27. júní 1958 og voru stofnendur um eittundrað manns. Fyrsti formaður félagsins var Sigursveinn D. Kristinsson. Félagið rekur skrifstofu með tveimur starfsmönnum í Sjálfsbjargar-



Herdís Ingvadóttir tekur við 1.000.000 kr. í Hjálparsjóð Sjálfsbjargar á Akureyri úr hendi Hermanns Jóns Tómassonar bæjarfulltrúa, sem nú er orðinn bæjarstjóri á Akureyri.



Formenn fagna: Ragnheiður Ólafsdóttir, Akranesi, Herdís Ingvadóttir, Akureyri, Kolbrún Símonardóttir, Siglufirði, Anna Torfadóttir, Bolungarvík og Unnur Jónsdóttir í Fjarðarbyggð.

## Hefur Sjálfsbjörg slitið barnsskónum?

Á því herrans ári 1958 voru fimm fyrstu Sjálfsbjargarfélögin stofnuð. Fyrir tilstilli nokkurra Sjálfsbjargarfélaga úr Reykjavík var það fimmta stofnað þann 15. nóvember í Selfossbíói og hlaut nafnið Sjálfsbjörg í Árnessýslu. Síðar var nafninu breytt lítillaga og heitir félagið nú Sjálfsbjörg á Suðurlandi.

Þessi fimmtíu ár hafa fimm formenn setið á formannsstóli; Sigurgrímur Ólafsson, Valgerður Hauksdóttir, Þórður Jóhannsson, Pálína Snorradóttir og Svanur Ingvarsson, núverandi formaður. Í gömlum blöðum má lesa: „Í Árnessýslu er erfitt um vik með alla starfsemi, þar sem félagarnir búa svo dreift“. Fundir voru vissulega ekki margir utan aðalfundar, en ýmis verkefni þurfti að leysa. Um áratuga skeið var þriðji sunnudagur í október opinber fjáröflunardagur Sjálfsbjargar, og þá var handagangur í öskjunum. Seld voru merki og tímarit samtakanna og í þéttbýli sýslunnar önnuðust skólabörnin söluna og stóðu sig af mikilli þrýði. Auk fjárins sem aflaðist var þetta ómetanleg kynning á starfsemi samtakanna.

Prisvar hefur landsþing samtakanna verið haldið í Árnessýslu. Eftirminnilegast er trúlega þingið árið 1967, sem haldið var í Hveragerði. Þá gistu þingfulltrúar í heimahúsum og mynduðust vináttutengsl sem aldrei rofnuðu. Í dag mundi þetta sjálfsagt kallast ókeypis markaðssetning á félagstarfi. Fyrri Flúðapingið var haldið í skólanum þar og er það eina þingið sem ég man eftir að hafi farið fram dagpart utandyra, slíkur var hitinn innandyra og veðurblíðan utandyra. Félagar í Árnessýslu hafa sinnt ýmsum trúnaðarstörfum, bæði í nefndum og stjórnnum fyrir samtökin og oft komið þar að góðu liði.

Helsta baráttumál félagsins í dag er að bæta aðgengi að þjóðfélaginu. Fyrir nokkrum árum blés félagið til fundar um aðgengismál og bauð til hans öllum starfandi byggingarfulltrúum á Suðurlandi. Mættu þeir allir utan einn, sem boðaði forföll á síðustu stundu. Framsögumaður á fundinum var Magnús Sædal Svavarsson, byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar, og fóru fundarmenn ánægðir af fundi. Einn þeirra sagði þó í lokin: „Ætli maður ætti ekki að fara að koma sér heim og taka til í sínum ranni“.

Í sumum bæjar- og sveitarfélögum hafa starfað ferlinefndir með fulltrúum Sjálfsbjargar og hefur það gefist vel. Slíkur háttur var hafður á í Hveragerði þar til skipulagsbreytingar voru gerðar á nefndarstörfum vegna sparnaðar. Ferlinefnd var lögð niður og fulltrúi Sjálfsbjargar fékk sæti í byggingar-, skipulags- og brunamálanefnd. Við kusum Ármann Ægi Magnússon, féлага okkar í nefndina og hefur hann tekið virkan þátt í nefndarstörfum. Hann telur mikilvægt að fulltrúar hreyfihamlaðra komi að byggingar- og skipulagsmálum strax í upphafi, en ekki eftir á. Það er nefnilega of seint að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í. Þeir félagar Svanur og Ármann Ægir hafa oft verið kallaðir til skrafs og ráðagerða í sambandi við aðgengismál víða um Suðurland. Slíka þjónustu veita þeir með glöðu geði.

Skógarstígana í Haukadalsskógi þekkja margir. Aðalforsprakar þeirra framkvæmda voru Svanur formaður, og Hreinn Óskarsson, skógarvörður á Suðurlandi. Svo vel vildi til að þeir voru nágrennar á Selfossi og ræddu oft saman um landsins gagn og nauðsynjar. Einhverju sinni var Svanur að lýsa því fyrir Hreini að hann langaði mikið að komast inn í skóg á hjólastólum, heyra þytinn í laufinu, fuglasönginn og anda að sér skógarilminum. Hugmyndin fæddist um aðgengilega skógarstíga og undirbúningur og framkvæmdir fylgdu í kjölfarið.

Sunnudaginn 19. september 2004 voru aðgengilegir skógarstígar opnaðir í Haukadalsskógi á táknrænan hátt. Hreinn sagði í sundur trágrein - tákn þess að hindrun hefði verið rutt úr vegi. Nú er Hreinn forstöðumaður Hekluskóga og þar verða örugglega allir skógarstígar aðgengilegir öllum. Vonandi hefur Hekla gamla ekkert við það að athuga. Í góðri samvinnu við Skógrækt ríkisins og ómetanlegan fjárhagsstuðning frá Pokasjóði og Ferðamálastofu varð góð hugmynd að veruleika. Það er von mín að áfram verði haldið með bjartsýnina að leiðarljósi.

Pálína Snorradóttir,  
Sjálfsbjargarfélagi í Hveragerði.





Jón Hlödver Áskelsson stjórnar fjöldasöng í afmælisveislunni á Akureyri.



Gestir í afmælisfagnaði. Fremst er Bragi Halldórsson, fyrrverandi starfsmaður Sjálfsbjargar á Akureyri.

húsinu. Starfsvæði þess er Reykjavík, Hafnarfjörður, Bessastaðahreppur, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes og Mosfellsbær. Félagið fagnaði 50 ára afmæli sínu í sumar og hélt veglega uppá það með fjölskylduhátíð í sumarfélagsheimili að Krika við Elliðaavatn. Samhliða því var haldin formleg opunarhátíð Krika eftir miklar endurbætur og stækkun. Afmælishátíðin tókst frábærlega og um 170 manns mættu á hátíðina, allir skemmtu sér konunglega og áttu saman frábæran dag.



Gubjartur, Helga og Marteinn njóta blíðunnar í Krikanum.


Afmælishátíð Sjálfsbjargar, félags fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu var haldið í Krika, sumarhúsi félagsins og mættu margir til að fagna áfanganum.



Grétar Pétur Grétarsson, formaður Sjálfsbjargar, félags fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu ásamt Kristínu R. Magnúsdóttur.



Tryggvi Garðarsson sá um að gestir í Krika fengu nægar veitingar.



						spígspora		útfyrir	bakt- eríur		eins um e		bók	
	→	2										↓		
			iláti	13		drykkur					tvístig		10	
			hitar ----- mann								þel ----- átti			
Krossgátu- gerð: Bjarni S: 588 7911	↓	tramlága	flugu			padda						2 eins		
dula								áheld ----- matinu				sögupers. ----- 2 eins		
2 eins			snilld			dreitill					einnig ----- romsa		aðför	
maður						11		12	gyllingu ----- miskunnar					
utandyra				snotur	líkams- hluti	→	8					öflug röð		
blaðri							líkams- hlutann						↓	5
			tind ----- fiskar					agi				hvað? ----- tala		
konungs- ríki			eins um s					stefna ----- notað			tengda- bróður			
	↓	1	áttund	ilát ----- röskur							borðandi ----- sáðlönd	4		
land					fluga ----- illa					söngródd ----- áttund			státa	
	↘								þoka ----- hjúmföll				frelsara	7
		hærra	lítrekar ----- tugga									2 eins ----- röskur		
áreittri					6			viðkvæm		engi ----- glíma				
		borðandi		reglu- bræðurnir										
tölum							kyn				kærleikur			
útbía				ármóðir		3			baun	9				

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----	----	----





## Rafskutlur

- umhverfsvænn ferðamáti

- Rafskutlurnar eru einfaldar í notkun
- Jafnt innandyra sem utan
- Snúningsæti auðveldla aðgengi

Komdu og prófaðu!

Opið 9-18 alla virka daga



Eirberg 

Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • sími 569 3100 • [www.eirberg.is](http://www.eirberg.is)

# Sumar pakkin

ÓMISSANDI Í FRÍÐ!



...Fæst á næsta blaðsöluastað & [www.edda.is](http://www.edda.is)